

SIRKUS^{RVK}

30. DESEMBER 2005 | 28. VÍKA

46

ÁRAMÓTAHEIT
FRÆGA FÓLKISINS

TINNA BERGS -
LEIÐIN AÐ LEVI'S

BESTU OG
VERSTU
BÍÓMYNDIR
ÁRSINS 2005

LEIÐARVÍSIR UM
ÁRAMÓTADJAMMIÐ

10

BESTU OG VERSTU
PLÖTUUMSLÖGIN
2005

KJÁNI Í STRÁKAMÁLUM

UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR ER UNGFRÚ HEIMUR.
EN ÞRÁTT FYRIR NAFNBÓTINA LÍÐUR HENNI EINS OG FÍFLI.

HVAÐ SAGÐI FÓLKIÐ ÁRIÐ 2005

ÁRAMÓTATÍSKAN

ISSN 1670-6005



KR. 300

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK

Viltu 42" Plasmasjónvarp?
Sjáðu IDOL extra í topp gæðum



**Taktu þátt í SMS
leik MAARUD
og þú gætir
unnið 42"
Plasmasjónvarp**

Eina sem þú þarft að gera
er að senda inn
lukkunúmer sem er á
MAARUD pokum
og þú ert kominn
í pottinn.



Fullt af auka-
vinningum t.d.
PSP tölvur,
Mp3 spilarar,
partýpakkar frá
MAARUD og
Coca-Cola.



Vinninga skal vitja í
verslunum BT um
allt land.

MAARUD
POTETGULL

Paprika

Tynne potetchips med paprikasmak



MAARUD

Gerir gott enn betra





TÓNVINNSLUSKÓLI ÞORVALDAR BJARNA



TÓNVINNSLUSKÓLI ÞORVALDAR BJARNA

Þriðja starfsönn Tónvinnskólans Þorvaldar Bjarna hefst í janúar.

Boðið er upp á TÓNVINNSLUNÁM, söngnám og hljóðfæranám þar sem valinkunnir atvinnumenn leiðbeina og miðla reynslu sinni. Tónvinnskólinn hefur komið sem ferskur andblær í íslensku tónlistarflórana og hafa viðtökurnar verið hreint með ólíkindum. Áherslur Tónvinnskólans miða að því að gera nemendur undirbúna til að starfa við tónlist í framtíðinni, hvort sem áhuginn er að vinna bakvið tjöldin eða standa á stóra sviðinu.

TÓNVINNSLA - AÐALNÁMSBRAUT

Það að læra kúntina að semja, útsetja, hljóðrita og eftirvinna tónlist er fag sem margir dreymlir um að ná tökum á. Tónvinnskóli Þorvaldar Bjarna býður sérhæft nám, þar sem ferlið frá lagasmíð alla leið þar til lagið er orðið útgáfuhætt, er kennt. Námið er 160 kist, á lengd og 4 mánuðir á breidd.

Fyrsta mánuðinn er stærsta áherslan lögð á lagasmíðar. Hver nemandi er studdur áfram í því að semja lag sem verður í kjölfarið það "verkefni" sem hann vinnur við það sem eftir er námskeiðsins. Samhliða lagasmíðum þá eru undirstöðuatriði tónvinnsluferlanna **Pro Tools** og **Reason** kennd.

Á öðrum mánuði er vinnan í "verkefninu" hafin fyrir alvöru. Grunnur lagsins er lagður þar sem svokallað "blueprint" af laginu er útbúið. Þarna er laginu stillt upp og útsetningarvinna hefst fyrir alvöru.

Á þriðja mánuði er farið fast í saumana á því hvernig upptökur fara fram, hvernig gögn úr Reason er fært yfir í Pro Tools og svo hvernig hljóðfæri og raddir eru tekin upp. Á þessu stigi námsins fá nemendur virkilega að kynna hljóðversumhverfinu og þeim vinnu sem þar fer fram. Hver og einn nemandi vinnur með hljóðfæraleikurum og söngvörum á þessu stigi námsins og hljóðritar "verkefnið" sitt.

Á fjórða og síðasta mánuði námsins þá er það eftirvinnsla "verkefnisins" sem er aðalatriðið. Hljóðblöndun, lagfæringavinnu og fullklárar eru þau mál sem farið er fast í sálmana á og fyrir vikið eru "verkefni" klárð. Námskeiðinu lýkur með lagasamkeppni þar sem besta lagið er valið.

Endamarkmið námskeiðsins er að hvert "verkefni" sem að endingu verð lag sé fullbúið til markaðssetningar og útvarpsþulunar.



* Kennsla fer fram að hefðbundnum vinnutíma loknum, þannig að flestir ættu að geta stundað námið samhliða fullri vinnu.

* Um helgar gefst nemendum tækifæri til að bóka tíma í hljóðveri og æfa sig þar.

* Tónvinnsulunámið er metið til eininga sem valáfangi í sumum framhaldsskólum.

FRÁBÆR VIÐBÓT - SAMSTARF VIÐ STÚDÍÓ SÝRLAND

Stúdíó Sýrland og Tónvinnskólinn hafa gert með sér samstarfssamning og fyrir vikið er kennt í tveimur gjörðlúkum hæsta klassa hljóðverum, hljóðveri RMP og Stúdíó Sýrlandi, sem gerir það að verkum að reynslan sem nemandi öðlast er víðtækari og meiri.

NÁMSKEIÐIÐ HEFST 13. FEBRÚAR

VERÐ: 319.900,- KR.

SKRÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.TONVINNSLUSKOLI.IS

SKRÁNING ER HAFIN

WWW.TONVINNSLUSKOLI.IS
OG Í SÍMA 534-9090



NASA

ÁTTU MIÐA?



**FORSALA Á STÆRSTA
BALL ÁRSINS A NASA
MILLI KL. 13.00-18.00 28-30 DES.**

HÚSIÐ OPNAR KL. 01.00

MIÐAVERÐ KR. 2900

ALDURSTAKMARK 20 ÁRA

GLÆDILEGT NÝTT ÁR!

NÁNARI UPPLÝSINGAR

NASA.IS

ÞAR SEM ÍSLENDINGUM
FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

STÆRSTA ÁRAMÓTAPARTÍ LANDSINS Á BROADWAY

ÞAÐ ER VERÐUR NÓG UM AÐ VERA Í HENNI REYKJAVÍK UM ÁRAMÓTIN. EKKI EINUNGIS Í MIÐBÆNUM ÞVÍ EINNIG VERÐUR NÓG UM AÐ VERA Í ÁRMÚLANUM Á ÞESSUM TÍMAMÓTUM. ÞAR VERÐUR STÆRSTA ÁRAMÓTAPARTÍ LANDSINS.



Það verður sannkallaður hrærigrautur í gangi á Broadway á gamlárskvöld þegar blásið verður til heljar áramótapartís. Þar er tvímælalaust um stærsta áramótapartí landsins að ræða, ekki einungis er þetta á stærsta staðnum heldur er fjöldinn allur af stuðboltum að koma fram í þessu partí.

FYRIR STRÍPUKOLLA

Skítamóráll kann sitt fag þegar kemur að því kæta dansglaða hnakka og aðra stuðbolta. Meðlimir sveitarinnar hafa gefið út yfirlýsingu þess efnis að þeir munu ekki láta sitt eftir liggja. Strákarnir í Í Svörtum fötum munu einnig riða á vaðið. Jónsi hefur fylgt eftir sinni fyrstu sólóplötu að undanfögnu og er því tilbúinn að leysa mikla orku úr læðingi. Brynjar Már, stundum kallaður Binni Strípa, mun svo fanga dansstemninguna á stórasviðinu þar sem hann þeytir skífum í takt við hljómsveitirnar.

FYRIR DANSFÍLIN

Þeir sem geta ekki hugsað sér að dansa við ofangreindar sveitir hafa val. Það verður sannkölluð danstransstemning þar sem þeir Addi Exos og



Steinar A annarsvegar, og Óli ofur og Jónfrí frá Partyzone hinsvegar koma liðinu í stuð. Þetta eru menn sem að kunna sitt fag þegar kemur að því að láta fólk stíga sporið. Það er nokkuð ljóst. Meðan pabbi syngur Nakin með Í Svörtum fötum fer mamma og hristir rassinn með Adda Exos. Á meðan kela krakkarnir í sófanum. Ef yfir einhvern kemur skyndifrygð er gott að geta farið á hótélherbergi á efri hæðum hússins. -SHS



Sirkus mælir með... ensku bikarkeppninni. F.A. Cup. Enska deildarkeppnin er búin. Chelsea hefur unnið hana nú þegar. Þetta leiðinlega varnarlið er komið með 11 stiga forystu í deildinni. Meistaradeildin hefur misst allan sjarma eftir að línuverðir fóru að stjórna leikjunum og því F.A. Cup eina fótboltakeppnin í Evrópu sem eitt-hvað er varið í. Sýningar frá keppninni byrja þann 7. janúar á Sýn sem ku vera besta sætið.



Sirkus mælir með... Túskildingsóperunni sem sýnd er í Þjóðleikhúsinu. Frábær sýning í alla staði í leikstjórn Stefáns Jónssonar í þýðingu Davíðs Þórs Jónssonar. Halla Vilhjálmisdóttir, leikkona sem prýddi síðustu forsiðu Sirkus RVK (16. desember) fer á kostum. Skotheld skemmtun fyrir alla fjölskylduna.



KOMINN FUNHEITUR Á KLAKANN FRÁ SKOTLANDI

Íslenskir húsfíklar geta tekið upp sína gleði á ný. House dj-inn Tommi White er kominn heim á klakann frá Skotlandi þar sem hann er búinn að vera undanfarið sveittur við lærdóm. Tommi galdraði fram sanna hússtemningu á Kaffibarnum á síðastliðinni Þór-láksmessu og verður hann að spila ásamt DJ Andrés á Sól-on á nýársnótt. Hann Tommi sem hefur verið kallaður guðfaðir house tónlistar á Íslandi stofnaði plötufyrirtækið New Icon Records ásamt DJ Grétari og Frankie Valentine fyrir alls ekki svo mörgum árum og hefur komið frá þeim house tónlist eins og hún gerist best. Tommi hefur unnið mikið með Aaron Carl sem er virtur tónlistarmaður frá Detroit, og einnig með krökkunum í Gus Gus. Ásamt því að hafa spilað mikið á stöðum eins Thomsen sáluga, Prikinu og Kaffibarnum hefur Tommi spilað á klúbbum í London, París, Róm, Sviss og Þýskalandi. Tommi þekkir house tónlistina inn og út og býst Sirkus Rvk. við frábærri stemmningu á Sól-on á nýársnótt. Það verður bara sönn house tónlist spiluð.

365

SIRKUS

Auglýsingastjóri: Hannes Steindórsson

Kynningarstjóri: Guðmundur Arnar Guðmundsson

Sölustjóri: Einar Björgvin Davíðsson, sirkusauglýsingar@365.is

Ritstjórn: Hjörvar Hafliðason, Katla Rós Völudóttir, Óli Hjörtur Ólafsson og Sólmundur Hólm.


Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Forsíðumyndina tók Harí af Unni Birnu Vilhjálmisdóttur Ungfrú heim. Föðun: Elín Reynisdóttir

EFNI

- 6- Hommaávarpið
- 6- Svarta perlan í Verzlunarskólanum
- 8-9 – Besta ár lífs míns
- 10 – Tinna Bergs; leiðin að Levi's
- 14-15 – Stelpurnar í sófanum segja lítil brjóst í tísku
- 16-17 – 46 áramótaheit fyrir fræga fólkið
- 18 – Hvað sagði fólkið árið 2005
- 20-21 – Unnur Birna var kjáni í strákamálum
- 24-25 – Áramótatískan eins og hún leggur sig
- 28 – Hvernig á að þrúka sem lengst á gamlárskvöld
- 39-43 – Allt sem þú vilt vita um menningar- og skemmtanaliðið í Reykjavík



SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Sirkus mælir ekki með væli og tuði. Ekki væla yfir því að gamlárskvöld sé alltaf misheppnað. Þetta er klassískt tuð hjá fjölmörgum Íslendingum. „Ég ætla bara að vera á bíl eða heima um áramótin, ég skemmti mér aldrei neitt um áramótin. Væntingarnar eru alltaf svo miklar að þetta endar bara með vonbrigðum.“ Látið kork í allt slíkt tuð. Allir í sparigallann og skella sér í gott fjölskyldupartí. Oftast enda þessi áramótapartí með hörðum slagsmálum þegar árið er gert upp. Það er til eftirbreytni að byrja nýtt ár skítþunnur með glóðarauga.



Sirkus mælir ekki með að böggja þekkt fólki á djamminu. Leyfum fræga fólkinu að skemmta sér í friði. Einn góðan veðurdag verðum við öll fræg á þessu landi og nenum því ekki að hafa eitthvað líð hangandi utan í okkur þegar við förum út að skemmta okkur.



Sirkus mælir ekki með heimatilbúnum sprengjum. Hættum þessu rugli úti í bíl-skúr og kaupum af skátunum bara. 99 prósent tilrauna ungra manna við að gera heimatilbúnar sprengjur misheppnast og það oft með skelfilegum afleiðingum.



Sirkus mælir ekki með hlífðargleraugum í áramótapartí. Það eru fjölmargir flípparar búnir að leika þennan leik og þetta er bara ekki fyndið lengur. Ef þið hafið hugsað ykkur að nota hlífðargleraugu, takið þau þá niður fyrir fjörið.



AESHA GERIR ÞAÐ GOTT Í VERSLUNARSKÓLANUM

SVARTA PERLAN Í VERSLÓ

AESHATU EFUA MENSIWA-MENSAH ER ENGINN VENJULEGUR 19 ÁRA NEMI Í VERSLUNARSKÓLANUM. AESHA EINS OG HÚN ER ALLTAF KÖLLUÐ ER FÆDD Í GHANA EN FYRIR TILSTILLI ELVU ELLERTSDÓTTUR, DÓTTUR ELLERTS EIRÍKSSONAR FYRRUM BÆJARSTJÓRA Í REYKJANESBÆ, FLUTTI HÚN HINGAÐ TIL LANDS ÁSAMT MÓÐUR SINNI AÐ EINS 12 ÁRA GÖMUL.

„Auðvitað er námið erfitt því ég er ekki jafn góð í íslensku og aðrir nemendur,“ segir Aesha hógvær, aðspurð hvernig námið í Verslunarskólanum gengur. Aesha útskrifast næsta vor af alþjóðabraut og verður fyrsta Afríkustelpa til að útskrifast úr skólanum. Hún talar magnaða íslensku og eflaust betri en margir skólafélagar hennar.

„Ég hef alltaf átt gott með að læra. Mér hefur gengið vel í skóla hingað til og vonandi heldur það áfram. Í framtíðinni myndi ég helst vilja læra lögfræði eða alþjóðaviðskipti en annars á það allt eftir að koma í ljós.“

Aesha flutti hingað til lands ásamt móður sinni fyrir sjö árum. Það var Elva

Ellertsdóttir sem kom með þær mæðgur hingað til lands en hún var skiptinemi í Ghana og bjó hjá þeim. Elva borgar námið í Verslunarskólanum fyrir Aeshu sem er henni afar þakklát.

Aeshu blöskrar vanþekking Íslendinga á Afríku og segist hafa heyrt fáránlegar spurningar. „Íslendingar vita ekki mikið um Afríku. Ég hef verið spurð hvort það sé sími þar. Einnig var ég spurð hvort það væru ekki bara ljón og filar í Afríku. Ég vil breyta þessu og fræða fólk um þessa falletgu heimsálfu.“

Aesha vinnur í Nóatúni með skóla til eiga einhvern smá vasapening. Námið á hug hennar allan og hún hefur engan tíma fyrir kærasta. Hún lætur þó vel af íslenskum karlmönnum. „Þeir eru alveg sætir en strákarnir í Ghana eru það líka en ætli íslensku strákarnir séu ekki aðeins riddaralegri.“

Hvernig riddaralegri?

Þeir bera meiri virðingu fyrir konum og koma betur fram við þær.“

HH



SIRKUSMYND – HARI

GUÐI SÉ LOF AÐ ÉG ER EKKI EGYPSKUR HOMMI

HOMMAÁVARPIÐ

Það er fint að vera hommi á Íslandi. Eiginlega bara mjög fint. Allavega get ég prísað mig sælan yfir því að búa ekki í Egyptalandi þar sem tveir menn voru hengdir um daginn fyrir það eitt að vera samkynhneigðir. Ég man eftir því að hafa lesið frétt um það í DV fyrir nokkru. Mér leið illa þegar ég las þetta og það minnti mig á hversu gott ég hef það sem samkynhneigður einstaklingur á Íslandi. Það eina sem ég get kvartað um gaysenuna á Íslandi er hversu lítil þessi sena er. Það er einn viðurkenndur gaystaður í Reykjavík en síðan fór ég að þæla í því hversu margir gaystaðir eru í Egyptalandi. Örugglega ekki margir miðað

við hvernig þeir koma fram við samkynhneigða þar á bæ. Á Íslandi má ég fara í staðfesta sambúð með öðrum karlmanni, Egyptar mega það ekki. Ég má ættiliða börn með öðrum karlmanni á Íslandi, Egyptar ekki. Þetta er ekki bara í Egyptalandi heldur einnig í mörgum öðrum löndum. Til dæmis eiga Bandaríkjamenn langt í land miðað við okkur Íslendinga. Hver man ekki þegar George Bush sagði að lögleg gifting samkynhneigðra myndi eyðileggja gildi amerísku fjölskyldunnar. Kjæftæði. George W. Bush má kyssa minn hvíta rass. Ef eitthvað er þá myndi lögleg sambúð samkynhneigðra styrkja amerískar fjölskyldur enn

frekar. Einnig eru réttindi samkynhneigðra í algjöru núlli í Mið-Austurlöndunum og í mörgum löndum í Afríku. Ef ég á að vera raunsær þá er ég ekki að sjá að það muni breytast eitthvað á næstunni. Samkynhneigðir eiga langt í land í mörgum löndum og jafnvel hér á landi. Þess vegna eru samtök eins og Samtökin 78 mjög nauðsynleg. Ég hef reyndar aldrei skráð mig í þessi blessuðu samtök, en hver veit? Ég væri alveg til í að gera eitthvað fleira en að nölra um hversu ömurleg og lítil gaysenan er hér á landi. Vill maður ekki alltaf reyna að bjarga heiminum?

Óli Hjörtur Ólafsson – Hommi.



Taktu þér tak!



Ertu á aldursbilinu 16 til 30?

Viltu ná kjörþyngd?

TÆKI OG TÍMAR:

- líkamsrækt við skemmtilega tónlist
- leiðbeiningar um mataræði
- fundir, aðhald, vigtun og mælingar
- leiðbeiningar um húðhirðu og förðun

KVÖLDTÍMAR

Um er að ræða 8 vikna námskeið, 3x90 mín. í viku.

Við búum yfir traustri þekkingu og reynslu, hjá okkur ríkir notalegt andrúmsloft og við gætum fyllsta trúnaðar.

Stundatafla TT-3 og TT-4

Kl	Mán	Þri	Mi	Fim	Fös
17:30					TT-3
18:40					TT-4
19:20	TT-3				
20:15	TT-3	TT-4	TT-3	TT-4	
21:10		TT-4	TT-3	TT-4	

TT-3 - 16-20 ára
TT-4 - 21-30 ára

Vertu velkomin í okkar hóp!

Skráning hafin á janúarnámskeið



Hafðu samband!

www.jsb.is
sími 581 3730

DANSRÆKT JSB

leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík
Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732

BESTA ÁRIÐ Í LÍFI

ÁSTFANGIN OG FLUTTI AÐ HEIMAN

„Ætli þetta ár sé ekki það besta sem ég hef upplifað. Eða að minnsta kosti mjög ólíkt öllum öðrum árum. Ég gat ekkert verið með í fótboltanum og hljómsveitin Igore lagði upp laupana. En sá harmur gerði mér kleift að njóta ýmissa hluta sem ég hef aldrei haft tíma fyrir. Ég kynntist manninum mínum, Brynjar Má, á þessu ári. Við fluttum inn saman og það eru mikil viðbrigði að flytja að heiman. Þá var þetta bara allt svo skemmtilegur tími í ár. Við Brynjar höfum verið að leika okkur mikið við að taka upp og í byrjun nýs árs kemur út mjög umdeilt lag eftir okkur tvö. Svo ekki sé meira sagt.“

Kristín Ýr, söngkona í dúettinum Snooze.

FRUMBURÐURINN FÆDDIST 2002

„Árið 2002 var afskaplega gott ár. Þá fæddist fyrsta barnið mitt og mér gekk vel í prófkjöri Samfylkingarinnar. Þetta var mjög fínt ár og ekki skemmdi fyrir að Heimsmeistarakeppnin í fótbolta fór fram það sumarið og ég og nýfædda dóttir mín fylgdumst grannt með. En annars var árið sem nú er senn á enda álíka gott. Ég eignaðist mitt annað barn og það var mikil gróska í mínum flokki. Væntingar mínar til næsta árs eru þær að ég vonast eftir kosningasigri í komandi sveitarstjórnarkosningum. Þá óskar maður þess að allir verði heilir heilsu, það er nú fyrir öllu.“

Ágúst Ólafur Ólafsson, varaformaður Samfylkingarinnar.

FÆÐINGIN '74

„Þessari spurningu er auðsvarað. Árið 1974, árið sem ég fæddist, er að sjálfsgöðu mitt besta ár. Öll önnur afrek eru bara hégómi við hliðina á þessu stórafreki.“

Halli, trommari í Botnleðju.

ÁSTFANGNARI EN NOKKRU SINNI FYRR

„Árið í ár er það besta sem ég hef átt. Kærasta mín er svo yndisleg og við ástfangnari en við höfum nokkurn tíma verið. Ég elska hana svo mikið. Þá hefur okkur báðum gengið mjög vel í starfi og óhætt að segja að lífið leiki við okkur þessa dagana.“

Magga massi, einkapjálfari og margfaldur Íslandsmeistari í vaxtarækt.

ÞRÍTUGUR OG ÞINGSÆTI 2003

„Árið 2003 var mjög gott ár. Þá náði ég því langþráða markmiði að verða þrítugur. Margir hafa óttast þau tímamót en ég fagnaði þeim. Daginn eftir þrítugsafmælið var ég kjörinn á þing. Þetta sama ár tók ég íbúðina mína og umblyti henni og breytti til mun betri vegar og var almennt bara gríðarlega léttur. Svo skemmdi það ekki fyrir að mínir menn í enska boltanum, Manchester United, unnu ensku úrvalsdeildina.“

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

FALLHLÍFARSTÖKKIÐ Í FYRRA

Árið í fyrra var alveg geðveikt þegar ég vann á PoppTívi með Strákunum. Mig hafði alltaf dreymt um að fara í fallhlífarstökk og það var svo ógeðslega gaman þegar ég lét verða af því. Svo gerðum við bara helling af mjög skemmtilegum hlutum. Þessu ári gleymi ég aldrei og ætli lagið sem kemur upp í hugann sé ekki lagið Crazy Bastard með Strákunum. Árið í ár var einnig gott og ég hlakka mikið til 2006. Þá útskrifast ég og verð títug.

Sunna Dóra Einarsdóttir, nemi í Verslunar-skólanum og fyrrum Mountain Dew stúlka.

ÚRSLIT Í IDOLINU OG HÁRIÐ 2004

„Ætli árið 2004 standi ekki upp úr. Þá upplifði ég svo mikið sem ég hafði aldrei upplifað áður. Ég tók þátt í Idolinu og þá kom ég fram í söngleiknum Hárinu. Einnig var ég í sambandi og leið bara mjög vel. Árið í ár var mjög skemmtilegt og ég vænti mikils af næsta ári.“

Helgi Rafn Ingvarsson, nemi í MH og þáttakandi í fyrstu Idol stjórnuleitinni.

FLUTTI TIL NOREGS OG EIGNAÐIST NORSKAN KÆRASTA '94

„Árið 1994 kemur strax upp í hugann. Það er árið sem ég ferðist og einhverra hluta vegna þótti mér það svo merkilegt. Svo flutti ég til Noregs þetta sama ár. Noregur er eins og allir vita einn stór bóndabær þar sem strákarnir ganga um í lopapeysum og með leðurvesti yfir. Það var þetta sama ár í Noregi sem ég eignaðist fyrsta kærastann minn, Jens. Þegar ég hugsa um þessa tíma heyrir ég bara lög með Bon Jovi. Árið 1994 þótti mér hann fallegasti og æðislegasti maður í heimi.“

Jóhanna Vigfúsdóttir, meðlimur í Zúúúber, morgunþætti FM 957

NÚ ER ÁRIÐ 2005 SENN Á ENDA OG KOMINN TÍMI TIL AÐ LÍTA UM ÖXL. ÞEGAR LITIÐ ER YFIR FARINN VEG ER ÞAÐ OFT EITT ÁR SEM STENDUR UPP ÚR. SIRKUS HAFÐI SAMBAND VIÐ NOKKRA AÐILA OG FÉKK ÞÁ TIL AÐ UPPLÝSA OKKUR HIN UM BESTA ÁRIÐ SEM ÞEIR HAFU UPPLIFAÐ.

MÍNU



UNGRÚ REYKJAVÍK 2004 OG ALLT Í KRINGUM ÞAÐ

„Árið í ár hefur verið alveg meiriháttar og ég held að ég hafi aldrei gert jafn mikið og á þessu ári. En ég verð hins vegar að nefna árið 2004 sem mitt besta ár. Það er árið sem ég var kosin Ungfrú Reykjavík og lenti í öðru sæti í Ungfrú Ísland. Þetta var meiriháttar tími og ég kynntist fullt af fólki sem ég hefði aldrei kynnst hefði ég ekki tekið þátt í þessu. Lagið sem kemur upp í hugann þegar ég hugsa um þennan tíma er „Bootylicious“ með Destiny’s Child. Það var endalaust spilað á æfingum fyrir keppnina. Árið 2006 verður eflaust mjög skemmtilegt því nú í vor er ég að klára atvinnuflugmanninn.“
Sigrún Bender, flugnemi.

DÚXAÐI Á STÚDENTSPRÓFUNUM 2003



LITLI BRÓÐIR FÆDDIST OG ÓGLEYMANLEG SPÁNARFERÐ 2002

„Árið 2002 kemur strax upp í huga minn. Þá eignaðist ég lítinn bróður sem var alveg yndisleg stund. Þá er Spánarferðin sem ég fór þetta sumar alveg ógleymanleg. Líklega skemmtilegasta ferð sem ég hef farið í á ævinni. Þar var ýmislegt brallað og lagið Bailando með Paradiso hljómar undir þegar ég hugsa um þessa tíma. Svo varð ég tvítug þetta sama ár og segja má að það hafi setti punktin yfir i-ið á þessu góða ári. Ég vona að næsta ár verði skemmtilegra en það sem nú er ljúka.“
Elísabet Thoralacius, fyrirsæta.



KYNTTIST KONUNNI ‘95

„Árið 1995 er mitt besta ár það sem af er. Það ár kynntist ég bestu konu í heimi. Það er án efa mitt mesta afrek hingað til og gerir 1995 að besta ári lífs míns.“
Guðmundur Bendiktsson, leikmaður bikarmeistara Vals í fótbolta



KLÁRAÐI STÚDENT OG HÉLT TIL LONDON 2000

„Árið 2000 stendur upp úr hjá mér. Þá varð ég loks tvítug og útskrifaðist úr Verslunarskólanum og fór síðar til London í leiklistarskóla. Þetta var afskaplega spennandi og skemmtilegt ár. Þegar ég hugsa um þennan tíma kemur lagið Stan með Eminem strax upp í hugann.“
Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir, leikkona.



„Árið 2003 engin spurning. Það er árið sem ég útskrifaðist með stúdentspróf frá FÁ. Ég held að útskriftardagurinn hafi verið besti dagur lífs míns. Mér gekk mjög vel í prófunum og dúxaði. Öll stórfjölskyldan var að springa úr stolti yfir afrekum stráksins. Ég er ekki frá því að lagið Invincible með CNN hljómi þegar ég rifja upp þennan snilldardag.“
Ingvar Þór Gylfason, nemi í fjármálaverkfræði.

FYRIRSÆTAN SEM ÆTLAÐI AÐ VERÐA HJÚKKA

FYRIRSÆTUNNI TINNU BERGSDÓTTUR HEFUR GENGID ALLT Í HAGINN Á ÁRINU. HÚN ER ANDLIT LEVI'S Á INDLANDI ÞAR SEM HÚN BÝR OG STARFAR. HÚN ÆTLAÐI SÉR AÐ VERÐA HJÚKRUN-ARKONA EN EFTIR AÐ HÚN SIGRAÐI Í FACE NORTH-KEPNINNI SUMARIÐ 2004 GERÐUST HLUTIRNIR HRATT OG Í DAG ER HÚN EIN AF EFTIRSÓTTUSTU FYRIRSÆTUM ASÍU.

Andlit Tinnu Bergsdóttur er að finna um gjörvallt Indland á auglýsingaskiltum og öllum vinsælustu blöðum landsins. Þessi tvítuga Hafnarfjarðarmær hefur aðeins starfað sem fyrirsæta í rúmt ár en hefur á þessum stutta tíma unnið víða um heiminn. Hún var orðin 19 ára gömul þegar hún hellti sér út í fyrirsætubransann og sigraði í Face North-keppninni. Hún telur það jákvætt að hafa byrjað seint í bransanum en flestar fyrirsætur hefja störf á unglingsárum. „Ég er rosalega ánægð með að hafa byrjað svona seint. Ég held að fimmtán eða sextán ára gömul hafi ég ekki verið tilbúin í það líf sem fylgir starfinu. Það eru ýmsar freistingar þarna úti en sem betur fer get ég leitt þær hjá mér.“


NÓG AÐ GERA

Tinna starfar ásamt þeim Evu Eiríksdóttur og Heiðu Rún Sigurðardóttur á Indlandi á vegum Eskimo umboðsskrifstofunnar og kann vel við sig. „Mér líkar mjög vel á Indlandi. Ég er reyndar komin með smá leið á matnum og því kærkom-ið að koma heim í jólasteikina. Ég fer aftur til Indlands eftir áramótin og þaðan kanski til Japans. Það er mikil eftirspurn í Asíu eftir hávöxnum, dökkhærðum fyrirsætum með blá augu. Ég er heppin því útlit mitt virkar nánast út um allan heim.“

ÆTLAÐI AÐ VERÐA HJÚKKA

Dreyndi þig sem barn um að verða fyrirsæta? „Nei, ég hafði aldrei leitt hugann að því. Mig langaði alltaf að verða hjúkrunarfræðingur þegar ég var yngri og það er aldrei að vita nema ég láti verða af því í framtíðinni. En eins og staðan er í dag þá reyni ég að einbeita mér alfarið að fyrirsætustarfinu,“ segir Tinna sem er makalaus og ekkert að leita.

HH



ÞESSAR MYNDIR PRÝÐA AUGLÝSINGASKILT OG TÍMARIT Á INDLANDI. Í KJÖLFAR MYNDANNA ERU INDVERJAR FARNIR AÐ ÞEKKJA TINNU SEM LEVI'S STELPUNA.



TINNA ER FAGMANNESKJA Í FYRIRSÆTUBRANSANUM ENDA BEYGÐIST KRÓKURINN SNEMMA HJÁ HENNI.



The Celtic Cross

á gamlárskvöld

opnar kl. 01:00

Frítt inn og ekkert álag á drykkjum
Live tónlist

Á nýársdag opnar kl. 20:00 – 03:00

Gleðilegt nýtt ár
og þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

Starfsfólk Celtic Cross

TROMMUSETT

Landsins mesta úrval af trommusetum og trommuvörum!

Premier



Premier Olympic
með stól og diskum
39.900,-

Heimspekkt merki!

YAMAHA
DRUMS
100% HANDCRAFTED

SABIAN

Zildjian

TAMA

Premier

pdp

VIC FIRTH

...og fleiri!



KENNSLUEFNI

pdp



Pacific EZ
með diskum
36.500,-



ALLAR GERÐIR AF SLAGVERKI



SYMBALAR Í MIKLU ÚRVALI



HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

KALLI, LELLI OG GUNNI EWOK HALDA SVAKALEGT BREIKBEAT.IS ÁRAMÓTAKVÖLD

„HANN ER SVONA
EINN AF ÞESSU STÓRU
HETJUM OG MIKILL
PARTÍ PLÖTUSNÚÐUR.“



TALHÓLFÉ FRÆGA FÓLKSINS...

SENDU MÉR SMS

Poppdívan Birgitta Haukdal er með ábótavant talhólf.

„Þú hefur náð sambandi við Birgittu Haukdal. Ég er ekki við í augnablikinu en endilega sendu mér sms eða leggðu inn nafn og síma. Takk fyrir.“

Fyrir það fyrsta þá vantar allan frumleika í þessa talhólfskeðju. Ekkert stuð er í rödd Birgittu sem hefur ekki einu sinni fyrir því að heilsa í upphafi. Þess í stað fer hún fram á að fólk sendi sér sms.

★★★★★

MANCHESTER BREAKBEAT DAUÐANS Á ÍSLANDI

MARCUS INTRALEX MUN ÞEYTA SKÍFUM AÐ HÆTTI MEISTARA ÁSAMT GÓÐKUNNUM BREAKBEAT.IS PLÖTUSNÚÐUM LANDANS

„Við ákváðum að slá til þegar okkur gafst tækifæri til að fá þennan magnaða plötusnúð og tónlistarmann til landsins,“ segir Karl Tryggvasson, plötusnúður og breakbeat piltur. „En þetta er mjög stórt nafn innan breakbeat-heimsins. Hann er svona einn af þessu stóru hetjum og mikill partíplötusnúður,“ segir Kalli. Þessi hetja með stóra nafnið er ekki ómerkari maður en Manchester-búinn Marcus Kay, betur þekktur sem Marcus Intalex, sem mun koma hingað til lands og spila á áramótakvöldi Breakbeat.is á Gauki á Stöng á gamlárskvöld. Kauðinn hefur unnið með tónlistarmönnum á borð við High Contrast, D.Kay og Klute. Þá hefur hann einnig remixað kempur eins og Goldie, MJ Cole og Un-Cut. Þetta verður ekki fyrsta Íslandsheimsókn kappans, því hann spilaði í eins árs afmæli Tæknikvöldanna á Café 22 í október árið 2000. „Þetta verður svakalegt áramótatjútt á Gauknum. Við höfum haldið vel heppnuð klúbbakvöld í fimm ár. Þetta er í annað sinn sem við höldum áramótatjútt og það heppnaðist mjög vel síðast sem var áramótin 2003-2004. Við Kalli, Lelli og Gunni Ewok verðum á aðalhöðinni með Marcusi,“ segir Kalli. Í kjallaranum verður spiluð aðeins rólegri tónlist þar sem þjóðhetjurnar Ozy og Earl Mondeyano (úr TZMP) verða við stjórnvölinn og lofa þeir alveg gríðarlega góðri stemningu. „Það verður gaman að byrja nýja árið og kveðja það gamla með trompi en ég hvet alla að mæta endilega snemma og byrja kvöldið frekar fyrr en seinna,“ segir Kalli spenntur fyrir kvöldinu. Húsið verður opnað kl. 00.45 og er miðaverðið ekki mikið miðað við fjölda góðra plötusnúða, einungis þúsundkall til þrjú og 1500 krónur eftir það. Forsala mun fara fram í Þrumunni á Laugavegi 69.

- KRV



MARCUS INTRALEX MUN SPILA
Á GAUKNUM Á GAMLÁRSKVÖLD.

VODAFONE LIVE DJAMMGRÆJA VEIKA MANNSINS

Það eru einhverjir sem lenda í flensu á gamlárskvöld en að sjálfsögðu hefur Sirkus svarið við því. Nú hefur Vodafone sett á markað nýja þjónustu sem kallast Vodafone live og ætti hún að gagnast þeim sem sitja heima. Þú getur bara sent vin þinn á svæðið með Vodafone Live-síma og þannig fylgst með áramótadjammínu í beinni útsendingu eins og hreinlega ekkert sé. Það er að vísu ekki ráðlegt fyrir þig að fá þér í glas ofan í veikindin þannig að það vantar auðvitað í þig alla áramótaðlvun en þú getur allavega tékk-að á þíum eða þeyjum gegnum símann þinn. Svona, stattu ekki kyrr, kræktu þér í þessa þjónustu.



VODAFONE LIVE ER
DJAMMGRÆJA VEIKA
MANNSINS.

SIRKUS PARTÍ Á ZOO-BAR



ÞETTA FÓLK KUNNI VEL AÐ META MILLER.

Sirkusfjölskyldan hélt heljarinnar partí á Zoo-bar á dögunum þegar sá skemmtistaður opnaði. Stemningin var frábær og var ískaldur og perlandi Miller í boði fyrir nærstadda. Fólk úr öllum áttum, allt frá FM-meisturum og til X-konunga. Allir eiga þeir sameiginlegt að elska Miller...og Reggie Miller.



MENN URÐU ÁSTLEITN-
IR HVER VIÐ ANNAN
ÞEGAR LEIÐ Á KVÖLDIÐ.




ÚTVARPSFOLINN ÓMAR
VILHJÁLMSOHN FRÁ
FLASH FM MÆTTI MEÐ
DÖMU UPP Á ARMINN.



ÞÆR TINNA OG SOLLA VORU
ÞÉTTAR Á KANTINUM Á ZOO-
BAR OG GRÉTU EKKI KALDAN
MILLERINN OG RETTURNAR.

KÖLD ERU KVENNARÁÐ. ÞAÐ ER GAMAN AÐ LIGGJA Á HLERI ÞEGAR KONUR KOMA SAMAN. SIRKUS RVK ER ENGIN UNÐAN-TEKNING HVAÐ ÞAÐ VARÐAR OG FÉKK NOKKRAR STELPUR TIL ÞESS AÐ KÍKJA TIL SÍN Í RAUÐA SÓFANN OG SPJALLA.



SVANA OG BIRNA Í SVAKA STUÐI



ANNA BRÁ BJARNADÓTTIR NEMI OG PLÖTUSNÚÐUR

SVANA LOVÍSA KRISTJÁNSDÓTTIR NÝSTÚDENT AF MÁLABRAUT

Í TÍSKU AÐ VERA MEÐ



ANNA BRÁ OG SVANA HRESSAR



ANNA BRÁ SKENKIR STÚLKUNUM KAMPAVÍN ENDA VANUR BARÞJÓNN



ÞÆR SKÁLA HRESSA MEÐ KAMPAVÍN

Það var glatt yfir stúlkunum þegar þær mættu í rauða sófann. Þær voru klárar að fara á djammið og voru einnig farnar að huga að því hvert stefnan verður tekin um áramótið. Stúlkurnar sem um ræðir eru Anna Brá Bjarnadóttir, nemi og plötusnúður, Guðný Stefánsdóttir, nemi á listnámsbraut, Svana Lovísa Kristjánsdóttir, nýstúdent af málabraut og Birna Sif Magnúsdóttir, eðlisfræðinemi úr Menntaskólanum við Sund.

O.C. GAMLÁRSKVÖLD

Það er ekki úr vegi um þetta leyti að spyrja stúlkurnar hvert stefnan verði tekin á gamlárskvöld en þær eru sammála um að ekki borgi sig að gera of miklar væntingar til kvöldsins.

Anna Brá: „Ég var til dæmis á bíl síðasta gamlárskvöld og græddi heilar átjánþúsund krónur.“

Birna Sif: „Maður verður að passa sig að gera ekki of miklar væntingar til gamlárskvölds, það getur orðið svo leiðinlegt ef allt kvöldið bregst.“

Svana Lovísa: „Ég er búin að velja gamlársdressið.“

AB: „Já maður vill vera töff um kvöldið.“

Guðný Stefánsdóttir: „Eitt er samt, það er alltaf svo ömurlægt veður á gamlárskvöld.“

B: „Ég hef aldrei farið niður í bæ á gamlárskvöld.“

AB: „Það er lang skemmtilegast að vera í geðveiku partí.“

S: „Mig langar í svona O.C. gamlárskvöld, klukkan tólf kemur gaurinn og kyssir þig og alveg ahhh.“

AB: „Ohh Svana, þú lifir í draumaheimi.“

„FÖRUM HEIM AÐ RÍÐA“

Stúlkurnar eru flestar um tvítugt og allar lausar og liðugar. Þær segjast trúa á langtímasambönd en þau verði þá að hefjast eftir 25 ára aldur.

AB: „Já, ekki sambönd sem byrja á 16 ára aldri, reyndar byrjuðu foreldrar mínir saman þegar mamma var 15 og pabbi 16 og þau eru enn saman.“

S: „Ég er samt meira að leita að langtímasamböndum.“ Þá er ekki úr vegi að spyrja þær um hug þeirra til íslenskra karlmannna.

G: Það fer auðvitað eftir karlmönnum, en svona yfir höfuð þá held ég að íslenskir karlmenn haldi mikið framhjá.

S: Já.

AB: „En samt, eru íslenskur stelpur eitthvað skárri en strákar?“

G: „Vinkona mín fór til dæmis heim með giftum manni um helgina, þetta er bara týpískt, það er mikið um framhjáhald herna heima.“

B: „Munurinn á þeim útlensku og íslensku er að þeir íslensku eru svo miklu meiri ruddar og engan veginn nógu kurteisir.“

S: „Á djamminu segja þeir bara: „Komdu herna, uh, þú ert svo sæt, förum heim að ríða.““

B: „Já, einmitt. Sænsku og dönsku karlmennirnir spyrja mann fyrst hvort þeir megi bjóða manni út að borða, annað en íslensku gaurarnir“

S: „Já, en strákar sem eru eldri en 23 ára eru miklu kurt-eisari og vilja frekar kynnst manni en þeir sem eru yngri

en 23 eru bara dónalegir og vilja bara ríða.“

AB: „Íslenskir karlmenn eru ekkert að spara sig ef þá langar í þig. Þeir segja bara: „Komdu herna sæta.“ Líka eins og á djamminu, þá er ekkert verið að biðja mann um að færa sig ef maður er fyrir, það er bara bombað í mann, svo eru þeir klípandi í mann hér og þar í þrengslunum á djamminu, þetta er alveg óþolandi.“

S: „Þetta er bara samsafn af fávítum og artí fartí ruddum. Ég er ekki að segja að þeir séu ljótir, þeir eru alveg sætir, en þeir eru bara algjörir ruddar og ég fíla þá engan veginn.“

G: „Þeir eru kannski smá ruddar en við förum samt alltaf þangað, á Prikinu er aðalstuðið.“

S: „Ég fíla samt stemninguna á Pravda og á Hverfisbarnum.“

Stúlkurnar eru Svönu engan veginn sammála og hneykslast á þessari athugasemd.

G: „Þar eru of uptied gaurar, ég fíla þá engan veginn.“

B: „Sko, ef þeir eru með strípur, fara mikið í ljós og ganga í Jack and Jones þá eru þeir alveg off.“

S: „Nei, ég er ósammála.“

KONUR MEGA VERA DJARFARI

Það eru karlmenn sem kunna ekki að stíga í vænginn við dömur. En hvað með konurnar?

AB: „Mér finnst það algjörlega röng hugsun að karlmenn þurfi alltaf að nálgast kvenmenn, af hverju? Ég meina, við konur viljum jafnrétti en samt eiga karlmennirnir alltaf að vera með frumkvæðið í viðreynslum.“



**BIRNA SIF MAGNÚSDÓTTIR EÐLISFRÆÐINEMI
ÚR MENNTASKÓLANUM VIÐ SUND**

**GUÐNÝ STEFÁNSDÓTTIR
NEMI Á LISTNÁMSBRAUT**



**Í DAG ER Í TÍSKU AÐ VERA MEÐ LÍT-
IL BRJÓST.**



STELPURNAR Í SÓFANUM VORU KÁTAR



BIRNA Í RAUDU OG GUÐNÝ VORU SÆTAR



STELPURNAR HLUSTA Á ÖNNU BRÁ SEM HFEUR STERKAR SKOÐANIR

G: „Ef þú ert að tala við einhvern gaur sem þig langar að kynnst betur þá getur þú bara beðið hann sjálf um númerið, ekki vera í þessum hard to get leik endalaust.“

B: „Og ef hann segir nei, þá er það bara ok.“

S: „Þetta er samt að snúast við, stelpurnar eru orðnar miklu frakkari í dag.“

AB: „Já, en stelpur taka kannski bara einn gaur fyrir, en strákarirnir taka bara næstu ef þú segir nei. Konur eru ekki neitt sniðugar sko, við erum svo klikkaðar, ég var einu sinni að reyna við þú, það var ekkert auðvelt, þær eru samt allveg jafn grófar, ég hef allveg líka lent í alveg hrikalegum konum, eins og trukkalessum sem láta mann ekki í friði.“

EKKERT LÍF ÁN KYNLÍFS

Það er ekki hægt að fá stelpur í spjall án þess að spjalla um kynlíf.

AB: „Það er nokkuð sem maður getur ekki lifað án.“

B: „Ég hef ekki stundað kynlíf mikið þessa dagana og verð bara að segja að ég get allveg lifað án þess.“

AB: „Já, þú gætir það allveg en ekkert allveg endalaust, ef þú gerir það síðan eftir langa kynlífsþásu manstu hvað það er gott.“

G: „Sjónarmiðin um kynlíf hafa breyst mikið.“

AB: Það er allt opnara í dag. Foreldrar mínir eru búnir að vera saman síðan þeir voru ungir og þeim finnst rosalega skrítið hvað ég og bróðir minn erum frjálsleg í sambandi við kynlíf.“

B: „Ég held að yngri foreldrar séu mun skilningríkari.“

LÍTIL BRJÓST EKKI LÝTI

Þegar talið er farið að berast að trukkalessum er tími til kominn að gíra sig niður og ræða eitt hitamál: Lýtaaðgerðir.

B: „Ég hef farið í þannig, svona hvítingu fyrir tennurnar.“

G: „Það er ekki lengur svona mikið og var, í dag er í tísku að vera með lítil brjóst.“

S: „En þetta með lítil brjóst, ég held að stelpur vilji vera með lítil brjóst en strákar vilja að stelpur séu með stór sílikonbrjóst.“

G: „Svo hef ég heyrt að þegar sílikongellurnar eru að ríða og eru ofan á, þá bara hreyfast brjóstin ekki neitt vegna þess að þau eru svo stíf. Svo er ekkert hægt að klípa í þau. Þar sem ég er að vinna eru fimm stelpur með sílikon.“

AB: „Æi, mér finnst þetta bara út í hött allt þetta sílikondæmi. Það er auðvitað allt í lagi fyrir konur sem eru orðnar eldri og komnar með sigin brjóst eftir barneignir. Síðan er verið að segja þessum sílikonstelpum að þær eigi að nudda á sér brjóstin til þess að mýkja þau en svo gera þær það ekkert og brjóstin eru bara grjóthörð.“

FEMINISTABULL

Í kjölfar umræðunnar um lýtaaðgerðir berst talið að feministum á Íslandi.

AB: „Mér finnst feministaumræðan vera orðin rosalega þreytt.“

G: „Ég verð bara að segja að ég er núll prósent feministi.“

AB: „Mér finnst auðvitað að konur eigi að fá jafn há laun fyrir sömu störf og karlmenn, en ef konur vilja allan jafnréttisþakkann verða þær líka að sjá um húsviðgerðir eins og karlinn.“

G: „Já, ég þoli ekki vælandi feminsta sem vilja láta karlinn opna fyrir sig bílhurðina og að karlinn eigi að ganga eftir þeim, þetta hefur ekki breyst í mörg ár og er ekki að fara að breytast. Svo ég skil ég ekki afhverju kvenmenn eru ekki aðeins búnir að róa sig niður, hættum þessu kvennabaráttunöldri.“

AB: „Þá erum við að tala um þessa hörðustu feminista sem vakna á morgnana og óska þess að þær hefðu tippi.“

S: „En hvað er málið að vilja ekki óska Unni Birnu, Miss World, til hamingju með árangurinn, ég kalla það feministabull.“

Stúlkurnar eru sammála um að konur séu betur til þess fallnar að sjá um barnaumönnun og gætu vel hugsað sér að starfa heima.

AB: „Ef ég ætti börn myndi ég bara vinna hálfan daginn, mér finnst íslenkar mæður vinna allt of mikið og sjá börnin sín allt of lítið. Þetta er spurning um samvinnu af beggja hálfu.“

G: „Ég væri til í að vera heima að sjá um börnin.“

B: „Ég skil allveg að einstæðar mæður þurfi að vinna en ef þú átt mann og þið vinnið og sjáið börnin ekki neitt, hvað er það? Kannski bara kapphlaup um peninga.“

Eftir þessar djúpu þælingar um kvennabaráttu, sílikonbrjóst og margt fleira er kominn tími til að halda út í nóttina og kveðja þessar hressu stelpur.



ÁRAMÓ FYRIR F

VIGGÓ SIGURÐSSON
„Ég heiti því að fá mér bara einn kaldan fyrir flug.“

GEIRI Á GOLDFINGER
„Ég heiti því að stelpurnar verða allsberar í næsta dagatali.“

SELMA BJÖRNS
„Ég heiti því að fá mér nýjan stílista fyrir næstu Eurovision keppni.“

UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR
„Ég heiti því að afsala mér krúnunni til heiðurs feministafélaginu.“

JÓI FEL
„Ég heiti því að koma að minnsta kosti fjórtán sinnum fram í Strákunum á Stöð 2.“

EGILL GILLZENEGGER
„Ég heiti því að ná mér í kærustu og kúpla mig út úr sviðsljósinu.“

KLARA Í NYLON
„Ég heiti því að ná mér í eldgamlan kærasta eins og hinar stelpurnar.“

JÓN ARNAR MAGNÚSSON
„Ég heiti því að hætta að eyða afreksstyrkjunum í skeggsnyrtingu.“

JÓNÍNA BEN
„Ég heiti því að fá mér nýjan vefþjón.“

INGVAR OG HALLI Í FAZMO
„Við heitum því að halda þúsund góðgerðartónleika til að hreinsa nöfn okkar.“

AUÐUNN BLÖNDAL
„Ég heiti því að hætta að greiða yfir.“

DAVÍÐ SMÁRI
„Ég heiti því að gera fleiri rándýr myndbönd á árinu.“

ÁRNI MAGNÚSSON
„Ég heiti því að reka enga konu á árinu.“

TINNA GUNNLAUGSDÓTTIR
„Ég heiti því að ráða fleiri fjölskyldumeðlimi í þjóðleikhúsið.“

LEONCIE
„Ég heiti því að koma aldrei á þetta rasistasker aftur.“

SÉRA FLÓKI
„Ég heiti því að hætta að segja sannleikann.“

VALDIMAR ÖRN FLYGENRING
„Ég heiti því að leiða saman fleiri klamyfusmitaða einstaklinga á árinu.“

STAHEIT

RÆGA EÓIKID

SUMIR LÍTA SVO Á AÐ ALLT NÚLLSTILLIST VIÐ ÁRAMÓT OG ÞEIR GETI HAFIÐ NÝTT ÁR MEÐ HREINAN SKJÖLD. BETRI TÍÐ MEÐ BLÓM Í HAGA. FÓLK VILL BYRJA NÝTT ÁR Á ÞVÍ AÐ LOFA BÓT OG BETRUN OG SETJA SÉR ÞÁ HIN ÝMSU ÁRAMÓTAHEIT. ÞAÐ GETUR HINSVEGAR VERIÐ ERFITT AÐ ÁKVEÐA HVERT ÁRAMÓTAHEITIÐ Á AÐ VERA. SÍRKUS ÁKVAÐ AÐ LEGGJA NOKKRUM ÞJÓÐPEKKTUM EINSTAKLING-UM LIÐ OG AÐSTOÐA ÞÁ VIÐ AÐ VELJA SÉR ÁRAMÓTAHEIT.



2004

2005

HALLDÓR ÁSGRÍMSSON
„Ég heiti því að senda Davíð Oddssyni fingurinn.“

KIDDI Í HJÁLUM
„Ég heiti því að breytast enn meira í útliti.“

JÓN GNARR
„Ég heiti því að verða fyndinn aftur.“

SÍV FRÍÐLEIFS
„Ég heiti því að versla öll mín fót í Nakta apanum á árinu.“

EIÐUR SMÁRI
„Ég heiti því að redda mér VIP-passa á Oliver.“

BRYNJAR MÁR
„Ég heiti því að fara aldrei aftur í rauða jakkann.“

BUBBI MORTHENS
„Ég heiti því að hætta að reykja.“

INGIBJÖRG SÓLRÚN
„Ég heiti því að halda ekki ræðu í Borgamesi á árinu. Læt kaldan á dússabar duga.“

JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON
„Ég heiti því að hætta að senda Davíð, Styrmi og Kjartani quizyourfriends pósta.“

GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON
„Ég heiti því að byrja með tíma-móta skemmtipátt í sjónvarpi.“

SIMMI & JÓI
„Við heitum því að verða fyndnir í næstu seríu.“

INGÓLFUR GUÐBRANDSSON
„Ég heiti því að grána ekki á árinu.“

JÓN ÁSGEIR
„Ég heiti því að fara í klippingu og strípur.“

LOGI OG ÁSGEIR
„Við heitum því að koma ekki nálægt knattspyrnubjálfun á næsta ári.“

JÓN INGI HÁKONARSON
„Ég heiti því að fara í einkatíma hjá Hemma Gunn í sjónvarpsmennsku.“

BIRGITTA HAUKDAL
„Ég heiti því að ná til eldri hóps og eru gagnfræðaskólanemar verðugt markmið.“

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
„Ég heiti því að gefa út fimmfalda safnplötu á árinu.“

DAVÍÐ ODDSSON
„Ég heiti því að semja fleiri óborganlega texta á borð við Við Reykjavíkurtjörn.“

STYRMIR GUNNARSSON
„Ég heiti því að blokka Jónínu Ben á MSN.“

BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON
„Ég heiti því að fá mér stærri arin.“

HREIMUR ÖRN HEIMISSON
„Ég heiti því að syngja ekki Lífir er yndislegt á þjóðhátíð svo ég fái ekki spítalavink.“

HELGI ÞÓR ARASON IDOL STJARNA
„Ég heiti því að hætta að nota brúnkukrem.“

ARNAR OG BJARKI
„Við heitum því að fá okkur eins kærstur.“

STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR
„Ég heiti því að mæta tvíflid á dansgólfið á Café 22.“

RYAN PHILLIPE, ÍSLANDSVINUR
„Ég heiti því að halda áfram að gæða mér á íslensku lambakjöti.“

EGGERT MAGNÚSSON
„Ég heiti því að berja Gillzenegger með bindishnútnum mínum ef hann kallar mig aftur Egghaus Magnússon.“

KATRÍN ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR, TALSKONA FEMINISTAFÉLAGS ÍSLANDS.
„Ég heiti því að hætta að raka af mér bringuhárin.“

ÞETTA SAGÐI FÓLKIÐ

ÁRIÐ 2005

FLEYGAR SETNINGAR FLÚGA Á HVERJUM DEGI OG Á HVERJU ÁRI. SIRKUS RVK TÓK SAMAN NOKKRAR GÓÐAR TILVITNANIR SEM FENGU AÐ FLÚGA Á ÁRINU SEM ER NÚ SENN AÐ LÍÐA.



„Það er rosalega fallegt hérna. Þetta er nokkurs konar köld útgáfa af Hawaii. Nú er ég með fullt af hálfmóttum konum fyrir aftan mig.“
Gamanmyndaleikarinn Rob Schneider í nuddpotti þegar hann kom til Íslands að kynna Deuce Bigalow 2: European Gigolo.



„Mestu skiptir að enginn slasaðist en systir mín tók þetta nærri sér. Hún býr vestur á fjörðum og fékk bílinn lánaðan þegar hún kom hingað í bæinn.“
Hannes Hólmsteinn Gissurason, þegar systir hans klesukeyrði nýja Mercedes Benz bílinn hans.



„Hann minnir á Chris Martin í Coldplay. Er náungi sem manni líkar umsvíflaust við.“
Ólafur Páll Gunnarsson þegar hann er spurður út í Mugison.



„Við erum ekki að representa okkur sem hommaband en við erum alls ekki að berjast á móti þessu.“
Víddi í hljómsveitinni Trabanti.



„Ég býst við að við séum dálítið frjálslýnd af því að það er ekki stór þröskuldur á nýjum samböndum. Þú þarft heldur ekki að fara á eitt, tvö, þrjú stefnumót áður en þú býður honum inn. Það eru engar svoleiðis reglur.“
Svanhildur Hólm hjá Oprah Winfrey.



„Hef hitt kauða þrisvar fyrir tilviljun í 101 Rvk. þar sem hann var að skemmta sér með Signý vinkonu en þau eru vinnufélagar við þessa blessuðu mynd Flags of Our Fathers.“
Unnur Birna Vilhjálmssdóttir, fegurðardrottning um Hollywoodleikarann Ryan Phillippe, en því hafði verið haldið fram að þau væru að stinga saman nefjum.



„Hann er ótrúlega orkumikill. Duglegur á djamminu en fyrstur á fætur, kominn í ræktina og svo að vinna. Ótrúlega hlýr og gefandi gæl, rosalega klár, skemmtilegur, fyndinn, mikill sögumaður og húmoristi. Skemmtilegur og hressandi. Jarðbundinn og ekki til stjórnsælar.“
Ísleifur Þórhallsson um vin sinn Quentin Tarantino.



„Ég er á lausu. En ég átti kærustu fyrr á þessu ári.“
William Hung Idolstjarna, sáttur við að missa sveindóminn.



„Ég er algjör hnakkamella.“
Brynja Björk Garðarsdóttir.



„Ég er flottasti maður landsins.“
Hörður Reynir Þórðarson, sem heldur uppi alveg hreint magnaðri bogsíðu. Good shit.....



„Við höfum stundum kallað okkur sjálfa Mother's Sewing Club í gríni því þetta virkar stundum eins og lítil saumaklúbbur. Við erum aðallega að hittast, skemmta okkur og skiptast á kjaftasögum.“
Ingir Rafn Hauksson, forseti MSC-klúbbsins á Íslandi sem er íslenskur leðurhommaklúbbur.



„Barokkskotinn millistríðsarástíll með póstmódernsku ívafi, innblásinn af stílgraut áttunda áratugsins með bandarísku blökkuvafi.“
Óttarr Proppé, söngvari í hljómsveitunum Rassi og Dr.Spock um sinn eigin stíl.



„Íslenskar konur eru mjög lauslátar og rómantísk skiptir ekki alltaf máli.“
Villi WRX við DV en dró orð sín tilbaka einni viku síðar.



„Ég vil prófkjör. Það er lýðræðislegast og best.“
Gísli Marteinn Baldursson.



„Draumurinn var alltaf að verða annað hvort flugmaður, söngvari eða leikari. Ég átti að visu ekki von á að ég myndi prófa allt þrennt!“
Jón Jóséf Snæbjörnsson, sem er veraldarvanur maður.



„Elva ætlar að klára námið sitt úti. Hún er að læra viðskiptalögfræði á Bifröst. Einhver verður að aflla tekna fyrir heimilið. Ekki geri ég það.“
Erpur Eyvindarsson, rappari um kærustuna sína.



„Aldursmunurinn skiptir engu máli þegar fólk nær saman.“
Alma í Nylon um samband sitt og Óskars Páls Sveinssonar sem er 17 árum eldri en hún.



„Viljið þið hætta að tala um Wham!“
Simon Le Bon, á blaðamannafundi fyrr í sumar þegar Duran Duran komu til landsins og héldu velheppnaða tónleika.



„Barða er auðvitað velkomið að ganga inn og út úr mínum þætti. Mér fannst spurningin málefnaleg. Hvort hommar væru að leika í hommamynd en eitthvað fór þetta fyrir brjóstið á Barða.“
Guðmundur Steingrímsson, þegar hann var spurður út í þegar Barði í Bang Gang labbaði út í miðju viðtali í Kvöldþættinum.



„Stefán er voða finn, verður maður ekki að segja það? Ég vil ekki að hann lemi mig á næstu æfingu“, segir Halla og hlær. „Nei, Stefán er frábær, hann er öðruvísi, hann er sérlega klúr. Það er bara gaman að því.“
Halla Vilhjálmssdóttir um Stefán Jónsson sem leikstýrir henni í Túskildingsóperunni í Þjóðleikhúsinu.



„Ég klippti Krumma. Þetta var svona Teddy-boy herraklippping eins og James Dean var með nema hvað toppurinn er heldur síðari. Eiginlega má segja að þetta sé herraklippping með rokkvafi.“
Jón Atli Helgason þegar hann klippti Krumma söngvara í Mínum á árinu.



„Ég ætla að standa mig vel svo ég verði ekki bara einhver bóla.“
Friðrik Ómar Hjólefsson, söngvari sem skaut upp á stjörnuhimininn fyrir þessi jól.



„Nei, við erum ekki alltaf að hommast.“
Skjöldur Eyfjörð um sig og kærastann sinn, Magnús Jóhann Vilhjálmsson.



„Það er talað um að Bandaríkjamaður séu svo latir og geri aldrei neitt. En fólk gerir sér ekki grein fyrir því að þarna býr fólk í smábæjum sem fær ekki upplýsingar um það sem er að gerast í heiminum og veit í raun ekkert hvað er um að vera. Hér á landi fær fólk hinsvegar allar upplýsingar en gerir samt ekki neitt.“
Tanya Pollock, tónlistarkona um ástandið í smábæjum í Bandaríkjunum.

GERIMAX

n j ó t t u þ e s s a ð v e r a t i l

Aukin líkamleg orka og andleg vellíðan


GERIMAX

Frábær samsetning af vítamínum, steinefnum og Ginseng.

Gerimax – styrkur, aukið þol og betri einbeiting til að takast á við verkefni dagsins

Útsölustaðir: **Apótekin, Hagkaup, Nóatún, Samkaup, Nettó og Úrval.**





**„EFTIR SKILNAÐINN KYNNTIST ÉG PABBA
MÍNUM BETUR OG VIÐ URÐUM MUN NÁNARI.
SKILNAÐUR ÞEIRRA HEFUR AÐ ÉG HELD EKKI
HAFT EINHVER DJÚPSTÆÐ ÁHRIF MIG. ÉG TRÚI
ALVEG Á ÁSTINA OG HJÓNABANDIÐ. ÉG HEF
VERIÐ SVO HEPPIN AÐ UPPLIFA ÁSTINA.“**

„ÉG ER ENGUM BUNDIN Í DAG OG ÉG HEF SJALDAN VERIÐ JAFN EIN OG ÉG ER NÚNA.“

UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR ER NÝKJÖRIN UNGFRÚ HEIMUR EN VEIT SAMT EKKERT HVERNIG HÚN Á AÐ HAGA SÉR OG ER HÁLF VANDRÆÐALEG. UNNUR BIRNA SAGÐI SIRKUS RVK AÐ HÚN HAFI VERIÐ KJÁNI Í STRÁKAMÁLUM EN VEIT HINS VEGAR EKKI AFHVERJU HÚN FER Í TAUGARNAR Á FÓLKI.

MÉR LEIÐ EINS OG FÍFLI

Éf ég á að segja alveg eins og er þá veit ég ekkert hvernig ég á að haga mér,” segir Unnur Birna Vilhjálmisdóttir aðspurð hvernig það sé að vera Ungfrú Heimur. „Ég fór í Kringluna um daginn og mér leið eins og fífl. Ég vissi ekki hvernig ég átti að vera, hvort ég átti að brosa og vinka til allra eða bara labba venjuleg. Og það skiptir engu máli hvað ég geri. Ef ég brosi til allra þá er eitthvað að. Og ef ég geri það ekki þá er líka eitthvað að.“

ÖMURLEGT AÐ FLYTJA AF NESINU

Ungfrú heimur er alin upp á Seltjarnarnesi. Bjó þar allt til unglingsára þegar hún flutti ásamt foreldrum sínum og tveimur bræðrum upp í Árbæ til að vera nær hestunum, sem er eitt helsta áhugamál fjölskyldunnar. „Mér fannst það ömurlegt þegar fjölskyldan ákvað að flytja upp í Árbæ. Mér leið rosalega vel á Nesinu og vildi alls ekki flytja. Það er hvergi betra að alast upp en þar. Þetta er svo öruggt umhverfi. Ég neitaði í fyrstu að flytja með þeim og bjó heima hjá ömmu en fljótlega sætti ég mig við þetta og flutti með mömmu og pabba. Ég var mjög fljót að aðlagast öllu þarna upp frá.“

Varstu alveg þolanlegur krakki og unglingur?

„Já, ég held það. Sem barn var ég algjör draumur foreldra. Dugleg að læra og voða róleg. Mér var lítið sem ekkert strítt. Það var helst að krakkar stríddu mér á nafninu í tengslum við frægt atriði í Sódóma Reykjavík. Á unglingsárunum var ég líka frekar þolanleg. Aðal áhugamálin, dansinn og hestarnir, tóku mikinn tíma og orkan fór í það. Það var aldrei neitt vesen á mér.“

HLÆ EKKI AÐ KJAFTASÖGUM

Það eru fá ungmenni sem hafa lent jafn heiftarlega í klóm kjaftasagna eins og Unnur Birna. Löngu áður en hún fór að taka þátt í fegurðarsamkeppnum var Gróa á Leiti komin á stjá. „Mig langar mikið að segja að ég hlæi að kjaftasögum en ég geri það alls ekki. Ég tek þetta mjög inn á mig. Ég fór fyrst að heyra svona sögur eftir að ég flutti af nesinu en þá í tengslum við mömmu mína (Unni Steinsson). Ég lærði ung að brynja mig fyrir slíkum sögur. Stundum eru þessar sögur það fáránlegar að það er ekki hægt annað en að hlæja að þeim,” segir Unnur Birna.

KJÁNI Í STRÁKAMÁLUM

En hvernig stendur á því að þú verður endalaust fyrir barðinu á kjaftasögum. Hvað er það í fari þínu sem fer svona í taugarnar á fólki?

„Þetta er góð spurning. Ég held ég hafi aldrei gert neinum neitt. Þetta er bara lítið samfélag og með þáttöku í svona keppnum býður maður upp á illt umtal. Þetta byrjaði á mömmu en nú er komið að mér. En ég hef auðvitað gert mín mistök eins og flestir. Ég var kjáni í strákamálum. En hvort ég verðskulda að fá svona í bakið, það er annað mál. Ég er ekki hrokafull og ég held að eng-

um í kringum mig finnist það. En ég ætla ekki að breytast til að þóknast öðrum. Ég ætla fyrst og fremst að reyna halda mig á jörðinni því það er eflaust auðvelt að láta sig svífa skjónum ofar. Mitt helsta vandamál er að ég vil að öllum líki vel við mig. En auðvitað er það ekki hægt.

Ég er hins vegar alveg með skap. Ég hef mikið keppnissskap og ég tók ekki þátt í Ungfrú Reykjavík eða Ungfrú Ísland bara til að vera með og eignast vini. Ég er mjög tapsár og ég fór í þessar keppnir til að vinna. En auðvitað eignaðist ég góðar vinkonur í þessum keppnum, sérstaklega þó í ungfrú Reykjavík. En ég fór aldrei í Ungfrú Heimur til þess að sigrar því mér fannst það alveg óraunhæft.“

„MIG LANGAR MIKIÐ AÐ SEGJA AÐ ÉG HLÆI AÐ KJAFTASÖGUM EN ÉG GERI ÞAÐ ALLS EKKI. ÉG TEK ÞETTA MJÖG INN Á MIG. ÉG FÓR FYRST AÐ HEYRA SVONA SÖGUR EFTIR AÐ ÉG FLUTTI AF NESINU EN ÞÁ Í TENGLUM VIÐ MÖMMU MÍNA.“

AUÐVITAÐ LANGAÐI MIG AÐ SIGRA

Fyrirsögnin í DV í kjölfar sigursins í Kína var „Hvað er ég búin að koma mér út í.“ Því er ekki úr vegi að spyrja nýkrýnda alheimsfegurðardrottningu hvort hún hafi viljað vinna keppnina. „Við töluðum um það stelpurnar í keppninni að það væri eflaust best að lenda í öðru sæti. Þá yrði maður bara í öðru sæti og þyrfti ekkert að spá í það frekar,” segir Unnur Birna á léttu nótunum. „Nei, auðvitað langaði mig að sigrar annars hefði ég líklega ekki lagt á mig alla þessa vinnu. En það er ekki sami glamúr yfir þessari keppni og ég hélt. Þetta var bara hörku vinna þessar fimm vikur í Kína.“

FÓR UNG AÐ FYLGJAST MED FEGURÐARSAMKEPPNUM

Unnur Birna tileinkaði sigurinn í öllum keppnunum minningu ömmu sinnar, Jórunnar Karlsdóttur, sem lést úr heilablóðfalli í janúarmánuði á þessu ári. Jórunn var kjólameistari og hafði lengi skorað á hana að taka þátt í fegurðarsamkeppni. Að lokum ákvað Unnur Birna að slá til. „Við vorum alltaf ofboðslega nánar og hún var eiginlega mamma númer tvö hjá mér. Hún

hefur alltaf búið annað hvort hliðina á okkur eða hjá okkur. Sem krakki fór ég með henni á fegurðarsamkeppnir og hélt með stelpunum sem voru í kjólum frá henni. Hún fékk heilablóðfall síðustu jól og þegar hún lá á spítalanum sagði ég henni að nú skyldi ég fara í keppnina fyrir hana. Fráfall hennar var mér mjög mikið áfall og ég var alveg ónýt um nokkurn tíma. En sigarnir hafa haft mikið tilfinningalegt gildi, sérstaklega í þessu ljósi.“

Á LAFLAUSU

Það er ekki hægt að sleppa Unni Birnu án þess að spyrja hana um strákamálin. Er Ungfrú Heimur á lausu? „Ég er engum bundin í dag og ég hef sjaldan verið jafn ein og ég er núna. Þetta er eitthvað sem ég er ekkert að hugsa um. Ég reyni að einbeita mér núna að skólanum (Lögfræði í Háskóla Reykjavíkur).“

Foreldrar Unnar Birnu, þau Vilhjálmur Skúla-son og Unnur Steinsson, skildu árið 2000. Skilnaðurinn var henni vissulega áfall en þó eflaust fyrir bestu að eigin sögn. „Auðvitað var þetta erfitt, sérstaklega þar sem frétt af skilnaðinum var á forsiðu SÉD og Heyrt. Ég átti þá draumsýn að foreldrar mínir yrðu saman að eilífu. En ég held að þetta hafi verið öllum fyrir bestu. Eftir skilnaðinn kynntist ég pabba mínum betur og við urðum mun nánari. Skilnaður þeirra hefur að ég held ekki haft nein djúpstæð áhrif mig. Ég trúi alveg á ástina og hjónabandið. Ég hef verið svo heppin að upplifa ástina.“

SAFNAR PENINGUM ÚT UM ALLAN HEIM

Framundan er viðburðarríkt ár hjá Unni Birnu. Næst á dagskrá eru strembin lögfræðipróf í Háskólanum í Reykjavík. Svo tekur við vinna sem Ungfrú Heimur. „Ég mun starfa í þágu keppninar í eitt ár við að safna peningum til góðgerðarmála. Stelpan sem var ungfrú heimur í fyrra safnaði 14 milljónum punda (tæplega tveir milljarðar íslenskra króna) og mitt hlutverk er að reyna að toppa það. Ég er á launum frá aðstandendum keppninnar og það eru engin rosa laun, bara meðallaun. Ég mun ferðast til þrjátíu eða fjörutíu landa og ef einhverjar hamfarir verða eða eitthvað slíkt þá mun ég fara á staðinn.“

Aðstandendur keppninnar spurðu Unni Birnu hvaða góðgerðamál stæðu henni næst. „Ég sagði þeim að ég vildi vinna í þágu fólks með krabbamein og sérstaklega með krabbameinssjúkum börnum. Afí minn dó úr krabbameini og því væri gaman að geta lagt þessum málaflökki lið.“

En hvað ætlaðu að verða þegar þú verður stór?

„Það munu ákveðnar hurðir opnast fyrir mig í kjölfar vinnunnar sem ég hverf nú til. En ég hef ætíð metið menntun mikils og ég vil klára skólan. Hvað ég geri í framtíðinni veit ég ekki en ef ég á eftir að vinna í tengslum við skemmtanaíðnað þá myndi ég helst vilja leika.“

Hjörvar Hafliðason



HEIÐAR



ADDA

SNÚÐARNIR BERJAST UM
TITILINN GÁFAÐASTI
PLÖTUSNÚÐUR ÍSLANDS

HEIÐAR AUSTMANN VS ADDA

NÚ ER KOMIÐ AÐ NÆSTSÍÐUSTU LOTUNNI Í KEPPNINNI UM TITILINN GÁFAÐASTI PLÖTUSNÚÐUR ÍSLANDS. Í NÆSTU VIKU SKÝRIST SVO HVER ER KLÁRASTUR. NÚNA ERU ÞAÐ ADDA OG HEIÐAR AUSTMANN SEM BERJAST OG ÞETTA ER ORÐIÐ MASSA BLÓÐ-UGT. LEYFUM PLÖTUSNÚÐUNUM AÐ BERJAST.



3

1. HANN ER FRÁ ARGENTÍNU EN ER ALINN UPP Í SVÍÞJÓÐ, SPILAÐI Á SÍÐUSTU AIRWAVES TÓN-LEIKUNUM OG TÓK LAGIÐ „HEARTBEATS“. HVAÐ HEITIR MAÐURINN?

Adda: Jose Gonzalez

Heiðar: Veit ekki hver þetta er



5

2. HVAÐ HETTA MEÐLIMIRNIR Í HLJÓMSVEIT-INNI ABBA?

Adda: Anne-Frid, Benny, Björn, Agnetha

Heiðar: Benny, Anne-Frid, Björn, Agnetha



6

3. HVAÐ SÖNGVARI GERÐI LÖGIN MY WAY OG I'VE GOT YOU UNDER MY SKIN ÓÐAÐLEG?

Adda: Sinatra

Heiðar: Sinatra

4. HVAÐ HLJÓMSVEIT FLUTTI LAGIÐ FOR WHAT IT'S WORTH?

Adda: Man ekki það

Heiðar: Buffalo Springfield

5. MICHAEL JACKSON SÖNG LAG UM BESTA VIN SINN SEM ER ROTTI. HVAÐ HEITIR LAGIÐ?

Adda: Ben

Heiðar: Ben

6. JAMIE CULLUM FLYTUR LAGIÐ FRONTIN Í JAZZÚTGÁFU EN HVERJIR GÁFU ÚT ÞETTA LAG UPPRUNANLEGA FYRIR RÚMUM TVEIMUR ÁRUM?

Adda: Það voru þarna Nerd crewið eða The Neptunes

Heiðar: Pharell Williams

7. HVAÐA SÖNGKONA VAR KÖLLUÐ DISKÓDROTTNINGIN Á ÁTTUNDA ÁRATUGNUM OG HEFUR ALDREI LOSNAÐ VIÐ ÞANN TITIL?

Adda: Donna Summer

Heiðar: Donna Summer

8. HVERNIG DÓ KURT COBAIN?

Adda: Hann skaut sig í hausinn.

Heiðar: Sjálfsmorð, hann átti stefnumót við haglabyssuna

9. HVAÐA ÍSLENSKA HLJÓMSVEIT SLO Í GEGN Á NÍUNDA ÁRATUGNUM MEÐ LAGINU GARDEN PARTY?

Adda: Mezzoforte

Heiðar: Mezzoforte

10. HVAÐA SÖNGVARI VAR ÁKÆRÐUR FYRIR AÐ HAFI HAFT KYNMÖK VIÐ STELPU UNDIR LÖGALDRI Í FEBRÚAR 2002?

Adda: Var það ekki einhver hip hop gaur? Var það ekki R. Kelly?

Heiðar: R. Kelly

11. HVAÐ HEITIR SÍÐASTA PLATAN SEM KOM ÚT MEÐ SÖNGKONUNNI KELIS?

Adda: Kelis platan?? Platan með Milkshake laginu. Hún heitir Tasty

Heiðar: Tasty

12. HVER SÖNG LAGIÐ HOT IN HERE?

Adda: Nelly

Heiðar: Nelly

13. HVERJIR SINGU LAGIÐ LAST CHRISTMAS?

Adda: Wham

Heiðar: Wham

14. ÚR HVAÐA LAGI ER ÞESSI SETNING: IF THERE'S SOMETHING STRANGE IN YOUR NEIGHBOURHOOD, WHO YOU GONNA CALL?

Adda: Ghostbusters

Heiðar: Ghostbusters

15. ÞESSI SÖNGVARI HÉLT EFTIRMINNILEGA TÓNLEIKA FYRIR FANGANA Í FOLSOM FANGELS-INU ÁRIÐ 1968 OG GAF ÚT PLÖTU MEÐ UPPTÖKU AF TÓNLEIKUNUM. HVAÐ HEITIR HANN?

Adda: Johnny Cash

Heiðar: Johnny Cash

16. ÚR HVAÐA BORG KEMUR HLJÓMSVEITIN THE CARDIGANS?

Adda: Það er pottþétt ekki Stokkhólmur eða Gautaborg þannig að ég ætla að skjóta á Malmö.

Heiðar: Jönköping.

17. HVER SÖNG LAGIÐ FJÓLUBLÁTT LJÓS VIÐ BARINN?

Adda: Þorgeir Ástvaldsson

Heiðar: Þorgeir Ástvaldsson



8



13



15



SVÖR:

1. José Gonzalez 2. Agnetha, Benny, Björn, Agnetha 3. Frank Sinatra 4. Buffalo Springfield 5. Ben 6. The Neptunes 7. Donna Summer 8. Hann framdi sjálfsmorð með því að skjóta sig í hausinn 9. Mezzoforte 10. R. Kelly 11. Tasty 12. Nelly 13. Wham 14. Ghostbusters 15. Johnny Cash 16. Jönköping 17. Þorgeir Ástvaldsson

ERFIÐIR TÍMAR Í KJÖLFAR SÓLARSAMBA

„Ég hlæ að þessu í dag,“ segir Margrét Gauja Magnúsdóttir, sem söng lagið Sólar sambá í forkeppni Eurovision söngvakeppninnar árið 1988 ásamt föður sínum, Magnúsi Kjartanssyni, þá tólf ára gömul. „En þetta er draugur sem mun fylgja mér alla tíð og ég er farin að taka honum með gleði. Ég myndi þó ekki óska neinu barni að ganga í gegnum svona lagað. Og ef ég stæði frammi fyrir slíku vali gagnvart mínu eigin barni í dag myndi ég ekki ráðleggja því að gera það sem ég gerði. Án allrar sjálfsvorkunnar þá voru þetta mjög erfiðir tímar,“ segir Margrét. „Þetta var mjög hart. Það var spreypað á húsvegginn heima „Magga píka“ og fleira í þeim dúr. En nú er ég bara stolt af þessu og hef náð sáttum við þetta blessaða lag. Ef ég sé mikrofón í dag ræðst ég á hann og tek lagið,“ segir Margrét Gauja, sem kann ekki að syngja að eigin sögn. Margrét Gauja er kennari og verkefnastjóri á gamla bókasafni Hafnarfjarðar og var sigurvegari í nýafstöðnu prófkjöri Samfylk-



MARGRÉT GAUJA SLO Í GEGN MEÐ SÓLARSAMBA ÁSAMT PABBA SÍNUM.

ingarinnar fyrir komandi bæjarstjórnarkosningar í Hafnarfirði. Þar náði hún fjórða sæti. Aðspurð hvort háðsglóurnar í kjölfar lagsins hafi ekki styrkt hana og undirbúið fyrir hinn harða heim stjórnmálanna segir Margrét Gauja: „Eflaust hefur skelin harðnað og líklega er ég sterkari fyrir vikið. En ég veit ekkert hvort þessi reynsla muni hjálpa mér nokkuð.“

-HH



Í DAG ER MARGRÉT GAUJA KOMIN Í STJÓRN MÁLIN.

MANST'EKKI EFTIR MÉR?



Milljónasti Nizza-neytandinn

fær ferð fyrir tvo með Iceland Express að verðmæti 50.000 kr.

Fylgstu með á FM 957 til að komast að því hvar Nizzastykki númer milljón kemur í leitirnar og heppinn Nizzaneytandi gefur sig fram.



...betra með hverjum bita



FALLEGA KL



AEDD INN Í NÝTT ÁR

ÁRAMÓTADJAMMIÐ ER ÞAÐ STÆRSTA Á ÁRINU. VÆTINGARNAR ERU MIKLAR FYRIR KVÖLDIÐ OG ÞVÍ SKIPTIR MÁLI AÐ VERA Í RÉTTU FÖTUNUM. SIRKUS RVK FÉKK NOKKRAR BÚÐIR TIL ÞESS AÐ SÝNA OKKUR FÖT SEM ERU VEL TIL ÞESS FALLIN AÐ TAKA Á MÓTI NÝJA ÁRINU.

SIRKUSMYND-VALLI

Skyrta: 3.990 kr. / Bindi: 1.690 kr. / Klútur: 2.990 kr. **11. Oasis** / Pils: 6.990 kr. / Korsiletta: 8.990 kr. / Loðbolero: 8.990 kr. / Hálsmenn: 2.990 kr. / Veski: 2.490 kr. / Armband: 1.900 kr. **12 Rokk og Rósir** / Gullkjóll: 6.800 kr. / Skór: 2.900 kr. / Hanskar: 1.900 kr. / Hattur: 4.900 kr. **13 Trilogia** / Hálsmenn: 2.900 kr. / Hársþöng: 1.000 kr. / **14 Trilogía** / Hálsmenn: 32.700 kr. / Kjóll: 31.900 kr. / Hársþöng: 1.000 kr. **15 Jack & Jones** / Jakki: 17.900 kr. / Buxur: 7.990 kr. / Bindi: 2.990 kr. / Skór: 10.900 kr. Trefill: 2.490 kr.

/ Skyrta: 2.990 kr. **16. Spútnik** / Kjóll: 8.500 kr. / Leggings: 4.700 kr. / Hælaskór: 3.500 kr. **17 Spútnik** / Kjóll: 8.500 kr. / Leggings: 4.700 kr. / Hælaskór: 3.500 kr. **18 Oasis** / Kjóll: 14.900 kr. / Loðvesti sítt: 9.590 kr. / Armbönd: 790 kr. / gulltaska: 1.590 kr. **19 VeraModa** / Eyrnalokkar: 1.490 kr. / Armband: 1.290 kr. / Hálsfesti: 1.990 kr. / Veski: 1.490 kr. / Skór: 8.900 kr. / Kjóll: 8.990 kr. / Klútur: 2.490 kr. / Sjal: 2.990 kr. **20 Centrum** / Kjóll: 12.990 kr. / Ermar: 3.990 kr. / Leggings: 2.900 kr. / Hálsmenn: 1.990 kr.

Kampavín frá K.Karlsson, áramótavörur frá Partibúðinni og voru myndirnar teknar á skemmtistaðnum REX.



STERKIR
LITIR



GLÓANDI PÍA



STÍLHREIN
SILFURKÁPA



SVANHVÍT



MJÚK AFERÐ Í BLAND VIÐ HRÁA ORKU



VIÐ JABARINN



EN ER MIKID FYRIR



HRÁTT OG ORKUMIKIÐ

TILFINNINGAPRUNGINN ALEXANDER MCQUEEN

Alexander McQueen hefur verið valinn hönnuður ársins í Bretlandi fjórum sinnum og er mikils metinn þar í landi. Tískulínur Alexanders eru þekktar fyrir tilfinningaríkan kraft og hráa orku en eru um leið með rómantísku ívafi. Á dögunum kynnti hann vor- og sumarlínuna fyrir næsta ár og er óhætt að segja að hún hafi fallið vel í kramið hjá viðstöddum og hefur verið mikið fjallað um hana í blöðum ytra.



TIGNARLEG OG TAKTVISS



ENGIN LÍNA ÁN LEDURS



GRÁR ER RÍKJANDI
Í VORLÍUNNI



NÝIR STRAUMAR Í
BLAND VIÐ
GAMLAR HEFÐIR

STRANGLEGA BÖNNUD INNAN 16 ÁRA

HEIMSFRUMSÝND 6. JANÚAR

"The scariest American movie in a decade."

— Ain't it Cool News

QUENTIN TARANTINO
KYNTR

HOSTEL

SKRIFUD OG SKOTIN AF
ELI ROTH

SÉRSTÖK MAGIC & X-10977 FORSYNING
FIMMTUDAGINN 5. JANÚAR I REGNBÖGANUM KL. 20:00
HOSTEL VIP VOODOO PARTY AD SÝNINGU LOKINNI Á PRIKINU
TAKMARKAD AF MIÐUM Í BODI
FYLGSTU MEÐ Á X-10977

MAGIC

X

BÍÓ.IS



SMÁRA BÍÓ

REYNBOGINN

LAUGARSSÍÐ BÍÓ

Borgarbíó

OFT ERU MIKLAR VONIR BUNDNAR VIÐ ÁRAMÓTADJAMMIÐ. ÞAÐ Á ÞÓ OFT TIL AÐ BREGÐAST ÖLLUM VÆNTINGUM. ÞÓ ER VEL HÆGT AÐ KOMAST HJÁ AÐ KLÚÐRA DJAMMINU EF RÉTT ER FARIÐ AÐ. SIRKUS HEFUR TEKIÐ SAMAN LEIÐARVÍSI SEM ÆTTI AÐ KOMA ÞÉR KLAKKLAUST INN Í NÝJA ÁRIÐ.

LEIÐARVÍSIR UM ÁRAMÓTADJAMMIÐ

1 BYRJJA DAGINN Á LÝSI

Þú vaknar á gamlarsdag og færð þér þrjár skeiðar af lýsi. Þannig smýrðu magann vel fyrir komandi átök.



2 ARMBEYGJUR FYRSTA HREYFINGIN

Þú tekur fjórar armbeygjur og kemur blóðrásinni í gang. Ekki taka fleiri, gæti komið niður á þér í dansinum seinna um kvöldið.

3 STAÐGÓÐUR MORGUNVERÐUR

Fáðu þér staðgóðan morgunverð. Þá ætti meltingin að vera komin í gang.

6 MEIRI ARMBEYGJUR

Taktu aftur armbeygjur. Í þetta skipti skaltu hafa þær þrjár.

7 MAGAÆFINGAR

Taktu átta magaæfingar til þess að koma maganum í gang fyrir matinn. Þá er líka minni hætt á að hann verði aflagaður eftir átríspu.



4 GÖNGUTÚR MEÐ SJÁVARSIÐUNNI

Skelltu þér í göngutúr meðfram sjávarsíðunni. Ferska loftið friskar upp á lungun áður en þú ferð í reykmattað áramótapartí.



8 BORDA VEL

Taktu hraustlega til matar þíns og dreyptu lítillega á rauðvíni með matnum. Farðu ekki of geyst í það.

10 BJÓR Á HÁLFÞÍMA

Eftir vatnsgúllarann skaltu opna fyrsta bjórinn. Ekki drekka hann á meira en hálf tíma. Annars verður hann flatur og þú gætir farið að finna fyrir viðbjóði í maganum.



13 HLÆÐU AÐ SKAUPINU

Meðan á áramótaskaupinu stendur skaltu hlæja mikið þótt þér þyki það kannski ekkert fyndið. Þannig þjálfarðu magavöðvana og þeir eiga auðveldar með að halda víninu niðri.



16 ANDA DJÚPT FYRIR KAMPAVÍNSDRYKKJU

Eftir góða eftirhermusyrpu er senn farið að líða að miðnætti. Dragðu andann djúpt áður en þú skálar í kampavíninu.

17 TÆMA GLASIÐ Á ÖRSKOTSSTUNDU

Tæmdu kampavínsglasið á fimm mínútum, annað er aulalegt.



20 DANSSYRPA

Það fer enginn í áramótapartí án þess að dansa. Þannig er það nú bara. Taktu góða danssyrpu í klukkutíma en passaðu þig að drekka vel á meðan. Ekki má renna af þér.

23 ÞVAGTEMPRANDI HORMÓN

Eftir danssyrpuna er rakið dæmi að fá sér þrjú vatnsglös til að rétta af heimskupör þvagtemprandi hormónanna.



26 KVEDDU MEÐ STÆL

Pantaðu leigubíl og kveddu fólkið með víðeigandi hætti

27 LEIGUBÍLSTJÓRASPJALL

Þú spyrð leigubílstjóran að sjálfsgöðu hvort það sé búið að vera brjálæð að gera hjá honum í kvöld. Ekki skera hann á háls. Hann er bara að vinna vinnuna sína.



28 NÝÁRSKVEDJUR

Þú skalt heilsa öllum sem þú kannast við í miðbænum og um leið óska þeim gleðilegs árs. Gæti orðið þreytandi að segja „gleðilegt ár!“ í sífellu og þá er hentugt að stytta kveðjuna í „árið!“



29 VELJA RÉTTAN SKEMMTISTAÐ

Þú velur þér skemmtistað sem er við þitt hæfi og ekki setja langar raðir fyrir þig.



31 Á HREYFINGU Á SKEMMTISTAÐNUM

Inni á skemmtistaðnum gæti reynst erfitt að stjórna atburðarrásinni. Þó er mikilvægt að vera hreyfanleg/ur um staðinn og spjalla við mikið af fólki. Ef þú stoppar gæti hausinn farið að hanga.

32 SKEMMTISTAÐAFLAKK BANNAÐ

Það borgar sig ekki að vera að flakka milli staða. Haltu þig við einn því kvöldið gæti annars endað sem ein biðröð.



35 HÖSSLAÐ Í RÖÐINNI

Þarna er farið að síga á seinni hlutann og ekki vitlaust að koma sér í leigubílaröðina. Ef þú ert ekki með rekkjunaut er ekki vitlaust hjá þér að leita svara við því hjá fólkinu í röðinni. „Af hverju er ég einn hérna?“ Hver veit nema rekkjunauturinn leynist í leigubílaröðinni.



30 SPJALL Í RÖÐINNI

Í röðinni geturðu spurt fólk spurninga eins og: „Hvernig fannst þér skaupið?“

33 Á SKEMMTISTAÐ TIL FIMM

Þú ættir að tolla inni á sama skemmtistaðnum þangað til rúmlega fimm en þá fara flestir þeirra að loka.



36 GLEÐILEGT ÁR

Þarna er þér treystandi fyrir framhaldinu. Takk fyrir gott kvöld og gleðilegt ár.



AMERICAN IDOL
BYRJAR Í JANÚAR Á SIRKUS



VINSÆLASTI SJÓNVARPSPÁTTUR HEIMS ER NÚNA Á SIRKUS.
HVER STENDUR UPPÍ SEM IDOL-STJARNA BANDARÍKJANNA?

FYLGSTU MEÐ!





HVERNIG TÝPA Á HEIMA HÉR?

HVAÐ SEGIR ÍBÚÐIN ÞÍN UM ÞIG? SIRKUS RVK KÍKTI HEIM TIL GUNNLAUGS GRÉTARSSONAR PLÖTUSNÚÐS OG EIGANDA ÓSÓMA BÚÐARINNAR. GUNNHILDUR H. GUNNARSDÓTTIR, AÐSTOÐARKONA VIÐ ÚTSENDINGU OG DAGSKRÁGERÐ Á SKJÁ EINUM, SAGÐI SÍÐAN SITT ÁLIT Á ÍBÚÐinni, ÁN ÞESS AÐ VITA HVER BYGGI Í HENNI.

TÓNELSKUR ROKKARI

„Íbúðin mín er mjög mikið mótuð af konunni minni, Þórdísi Sif, sem hefur búið hérna með mér í rúmt hálft ár og ég sjálfur hef búið hér í eitt ár,“ segir Gulli, eigandi Ósómu búðarinnar og plötusnúðs, um hífylli sín. „Þetta var nú óttalegt greni áður en hún flutti inn til mín. Ég var rosa ánægður að fá smá kvenlegt innsæi inn á heimilið. Íbúðin mín er annars voða kósí og sæt. Hún er ekki sérlega stór en mér líður vel. Málverkið í stofunni eftir Hafstein Michael er að gera góða hluti.“

Hvernig myndir þú skilgreina sjálfan þig?

„Ja, tja. Ég veit það nú ekki alveg. Kæran mín hélt að ég væri 101-týpa dauðans áður en við byrjuðum saman. Ég myndi hinsvegar segja að ég væri ósköp venjulegur strákur bara. Ég veit ekki alveg hvort ég eigi að ganga svo langt að kalla mig rokkara en tónlist hefur mótað mig mikið sem persónu. Í íbúðinni minni eru til dæmis ótal hljóðfæri og rándýrar DJ-græjur sem ég nota oft. Ég er algjör alæta á tónlist og hlusta á allan andskotann. Ég er mjög smekkvís maður mundi ég segja,“ segir Gulli, svona líka hress.

ÞETTA SAGÐI GUNNHILDUR

SVEFNHERBERGIÐ ÓPERSÓNULEGT HERBERGI

„Ég myndi halda að það byggi strákur þarna því það eru engar myndir á veggjum og ekkert óparfa dúlleri. Þetta er frekar ópersónulegt herbergi með bara brýnustu nauðsynjum, bara rúm og hirslur fyrir fót, mjög einfalt og þægilegt. En hvað er málið með lampann á náttborðinu? Hann er helmingi stærri en náttborðið. Trúðurinn sem hangir hjá glugganum hlýtur að vera gömul gjöf sem tengist honum tilfinningalega á einhvern hátt, því að hver myndi kaupa sér svona trúð. Þetta minnir á hryllingsmynd.“



STOFAN KÓSÍ STOFA

„Stofan er alveg frekar kósí. Slatti af hlutum benda til þess að manneskjan sem býr þarna hafi ferðast til Indlands eða einhverra framandi landa. Til dæmis koddarnir sem eru á borðstofuborðinu af einhverri furðulegri ástæðu og eins hlutirnir á veggnum úti í horni. Myndirnar á veggnum benda til þess að manneskjan hafi áhuga á grafík og listum. Hljóðfærin benda til þess að hann hafi áhuga á tónlist og sé jafnvel í hljómsveit (en eru ekki allir í hljómsveit í dag). Það er búið að skreyta í stofunni með jólatré og einhverju furðulegu jólaljósi úti í glugga. Annars er bara snyrtilegt og fint í stofunni.“



LOKANIÐURSTAÐA

TÓNELSKUR LISTAMAÐUR

„Manneskjan sem býr þarna hefur áhuga á tónlist og alls kyns hljóðfærum þar sem þarna er bongótromma, bassi, gítarar, og mjótt hljóðfæri sem ég veit ekki hvað heitir. Hermannaúlpan á stólnum er mjög flott en gefur ekkert mikið upp þar sem allar týpur klæðast svona úlpum. En ég held að það búi strákur í þessari íbúð sem er í hljómsveit og er mikið í að búa til tónlist. Af myndunum að dæma held ég að hann hafi áhuga á grafík og teikningu, gæti jafnvel verið e-ð sem hann hefur búið til sjálfur. Held að hann sé rokktypan en alveg með einhverja hip hop hlið, klæðist alveg viðum fötum. Hann er mjög líklega skapandi karakter.“



ELDHÚSIÐ ELDHÚS Í MÓTUN

„Þetta er greinilega gamalt hús þar sem innréttingin er í þessum 60's-stíl. Það fyrsta sem ég kem auga á er skrautið í glugganum. Hvað er þetta? Er þetta jólaskraut eða? Ég næ þessu ekki. Eins og lampinn var allt of stór fyrir náttborðið inni í svefnherbergi þá er plantan í glugganum allt of lítil fyrir blóma-pottinn. Þetta er kannski bara þemað í herbergjunum í þessari íbúð. Eldhúsið er frekar óspennandi en mjög snyrtilegt. Enn og aftur er ekkert sérstaklega mikið dót þarna, sem bendir til þess að það búi þarna strákur, þó svo að dúkurinn á borðinu sé bleikur... kannski er hann nýbyrjaður að búa og stelpa að byrja að koma með einn og einn hlut til að gera íbúðina minna strákalega.“



TYG & PATAI

MEÐ
AUDDA

LEIKSTJÓRN: SIGGI SIGURJÓNS



NASA VIÐ AUSTURVÖLL

FORSALA ER HAFIN Í VERSLUNUM
SKÍFUNNAR OG Á [midi.is](https://www.midi.is)

GÓÐAR Í BÍÓ 2006

NÚNA ÞEGAR EITT BÍÓAR ER LIÐIÐ TEKUR AUÐVITAÐ ANNAÐ VIÐ. SÍRKUS RVK ÁKVAÐ AÐ STIKLA Á STÓRU OG SEGJA LÍTILLEGA FRÁ NOKKRUM MYNDUM SEM FÓLK ÆTTI AÐ FYLGJAST MEÐ Á NÝJA ÁRINU.

>> BROKEBACK MOUNTAIN

Frá Ang Lee, leikstjóra Crouching Tiger Hidden Dragon, kemur myndin Brokeback Mountain með leikarana Heath Ledger og Jake Gyllenhaal í aðalhlutverkum. Brokeback Mountain fjallar um kúreka sem eru ástfangnir hvor af öðrum. Myndin hefur hlotið lof gagnrýnenda erlendis, hún vann meðal annars Gullna Ljónið á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum og er tilnefnd til Golden Globe -verðlauna sem besta myndin. Spekingar spá einnig að þessi mynd eigi eftir að fara heim með óskarsverðlaun, og já, leikaramir kyssast í myndinni. Brokeback Mountain verður frumsýnd hér á landi í janúar.



>> WALK THE LINE

Joaquin Phoenix leikur Johnny Cash í þessari mynd frá James Mangold (Girl Interrupted) um goðið. Reese Witherspoon leikur eiginkonu hans, June Carter. Mynd sem á eftir að fá einhverjar óskarsverðlaunatilnefningar. Myndin verður sýnd hér á landi í febrúar.



>> THE CONSTANT GARDENER

Frá leikstjóra City Of God kemur spennumyndin The Constant Gardener sem byggð er á sögu Johns le Carré. Ralph Fiennes leikur mann sem missir konuna sína fyrir hendi morðingja. Hann reynir að komast að sannleikanum bak við morðið og nær sú leit til þriggja heimsálfa. Myndin hefur slegið í gegn þar sem hún hefur verið sýnd og hafa margir kallað hana spennumynd ársins. The Constant Gardener verður frumsýnd 10. febrúar.



>> X-MEN 3

X-fólkið Magneto, Wolverine, Professor Xavier, Storm og Jean Grey eru öll komin aftur í baráttu við illu öflin. Nýjustu persónurnar í myndinni eru Iceman, Shadowcat og Beast. Þú gapir yfir stiklu myndarinnar. Hún virðist ekki síðri en fyrstu tvær myndirnar. X-Men 3 kemur í íslensk kvikmyndahús þann 26. maí.



>> A SCANNER DARKLY

Myndin Waking Life sem kom út fyrir nokkrum misserum er merkileg að því leyti að hún er skotin á venjubundinn hátt og síðan er teiknað yfir. Það sama gildir um myndina A Scanner Darkly sem byggð er á sögu Philips K. Dick og skartar leikurum á borð við Keanu Reeves, Rober Downey Jr., Winonu Ryder og Woody Harrelson. Þetta er framtíðartrýllir sem segir frá eiturfjasalanum Bob. Meira vitum við ekki enn sem komið er. A Scanner Darkly verður frumsýnd næsta sumar.



>> SOUTHLAND TALES

Árið er 2008 og staðurinn er LA. Allt stefnir í eitt stórt kaos efnahagslega séð. Myndin segir frá lögregluþjóni, sem leikinn er af The Rock, sem hittir klámmynda-leikkonu sem leikin er af Sarah Michelle Gellar og löggú með minnisleysi (Seann William Scott). Er leikstýrð af Richard Kelly sem gerði myndina Donnie Darko árið 2001. Þessi verður óhefðbundin, það er víst. Southland Tales verður frumsýnd síðla árs.



>> MISSION IMPOSSIBLE 3

Visindanöttarinn Tom Cruise leikur í þriðja skipti Ethan Hunt og það er allt að gerast í þessari mynd. Flottar konur, flottir menn, hasar og fleira fallegt. Með önnur hlverk fara Philip Seymour Hoffman sem leikur vonda kallinn, Ving Rhames og Laurence Fishburne. Mission Impossible 3 verður frumsýnd í byrjun maí.



>> DA VINCI CODE

Da Vinci kóðinn eftir Dan Brown er væntanlegur á stóra tjaldið og biða margir spennitir. Ron Howard leikstýrir myndinni og fara stórleikarar á borð við Tom Hanks, Sir Ian McKellan og Audrey Tatou úr Amelie með aðalhlutverk í myndinni. Da Vinci Code verður frumsýnd um heim allann þann 19. maí.



>> MIAMI VICE

Jú jú. Þú ert að lesa rétt. Miami Vice er að koma í bíó. Með hlutverk „Don Johnsons“ fer Colin Farrell og „sidekikkinn“ hans er leikinn af sjálfum Jamie Foxx. Þeir leika löggufélaga sem þurfa að berjast við dópinnflytjenda og fleiri illmenni í Miami. Hvað annað? Myndin er leikstýrð af Michael Mann sem færði okkur Heat og Collateral. Miami Vice verður tekin til sýninga í sumar.



>> THE FOUNTAIN

Árið 2000 sendi leikstjórinn Darren Aronofsky frá sér eina trufluðustu mynd sem sést hefur, Requiem for a Dream. Hann hóaði í Hugh Jackman og Rachel Weisz til að leika í myndinni og af stiklunni að dæma verður þessi mynd frábær. Sagan gerist á þremur lífsskeiðum yfir þúsund ára tímabil og fjallar um leitina að sannri ást og tilveru mannsins. Er kölluð „mind-fokk“ ársins 2006. The Fountain verður frumsýnd síðla árs.



>> SUPERMAN RETURNS

Þetta er ein af stórmyndum sumarsins 2006. Leikstjórinn Bryan Singer færði okkur X-Men myndirnar og við efumst stórlega að hann klúðri þessari mynd því stiklan er það góð. Óþekktur leikari að nafni Brandon Routh leikur Superman og með hlutverk Lex Luthors fer enginn annar en Kevin Spacey. Til gamans má geta að Marlon Brando leikur einnig í myndinni en hann hefur verið dáiinn í eitt og hálft ár. Hollywood getur allt. Superman flygur á tjaldið í sumar.



>> PIRATES OF THE CARIBBEAN: DEAD MAN'S CHEST

Þau eru komin aftur. Johnny Depp, Keira Knightley, Orlando Bloom og Geoffrey Rush í framhaldið af Karabísku sjóræningjunum. Núna þarf Jack Sparrow (Depp) að bjarga sál sinni frá illum draugasjóræningjum. Þriðja myndin í bálknum var einnig tekin á sama tíma og kemur hún í bíóhúsin sumarið 2007.





HEFURÐU
TÍÐA VERKI?



Íbúfen® – Bólqueyðandi og verkjastillandi

Notkunarsvið: Íbúfen inniheldur íbúprófen sem er bólqueyðandi, verkjastillandi og jafnframt hitalækkandi lyf. Lyfið er notað við liðagigt, slitgigt, tíðaverkjum, tannpínu og höfuðverk. Einnig má nota það sem verkjalyf eftir minniháttar aðgerðir, t.d. tanndrátt. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni eða er með skerta lifrarstarfsemi má ekki nota lyfið. Fólk sem hefur fengið astma, nefslímubólgu eða ofsakláða eftir töku acetylsalicylsýru eða annarra bólqueyðandi lyfja (annarra en barkstera) ætti ekki að nota lyfið. Nota skal lyfið með varúð hjá fólki með tilhneigingu til magasárs eða sögu um slík sár. Lyfið er ekki ætlað barnshafandi konum. **Aukaverkanir:** Íbúfen getur valdið aukaverkunum eins og t.d. ofnæmi (útbrot) og meltingarópægindum. **Skömmtnun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtnun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.

14.09.05

 **actavis**
hagur í heilsu

97.7

X-LISTINN

TOPP20

SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	Avenged Sevenfold	Bat Country
2.	Fall Out Boy	Sugar, Were Going...
3.	White Stripes	The Denial Twist
4.	System Of A Down	Hypnotyze
5.	Ampop	My Delusions
6.	Prodigy	Voodoo People (pendulum mix)
7.	Queens Of The St...	Burn The Witch
8.	Dr. Mister & Mr..	Kokaloca
9.	BC Camplight	Blood And Peanut...
10.	Blink 182	Not Now
11.	Hair Doctor	Major Label
12.	Vax	Your Hair Is Stupid
13.	Goldie Lookin...	Your Missus is A...
14.	Foo Fighters	Resolve
15.	Limp Bizkit	Bittersweet Home
16.	Jakobínarína	Date With My Tel...
17.	Deftones	Please Please Please
18.	Buff	Amores Perros
19.	Strokes	Juice Box
20.	Green Day	Jesus Of Suburbia

AMPOP HEFUR PLANTAD SÉR Í FIMMTA SÆTIÐ.



FM 95.7

ÍSLENSKI LISTINN

TOPP20

SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	Darren Hayes	So Beautiful
2.	Craig David	Dont Love U No More
3.	Eminem	When I'm Gone
4.	311	Dont Tread On Me
5.	Nickelback	Photograph
6.	Lifehouse	Blind
7.	Chris Brown	Run It
8.	Fall Out Boy	Sugar, Were Going...
9.	Pussycat Dolls	Stick With U
10.	Fort Minor	Believe Me
12.	Beyonce Knowles	Check On it
13.	Bon Jovi	Have a Nice Day
14.	James Blunt	Goodbye My Lover
14.	Backstreet Boys	Crawling Back To You
15.	Kayne West	Golddigger
16.	Mattafix	Big City Life
17.	Marcos Hernandez	If You Were Mine
18.	Click Five	Just The Girl
19.	David Gray	Hospital Food
20.	KT Tunstall	Suddenly I See

CRAIG DAVID KLIFIR UPP ÍSLENSKA LISTANN.



BESTU OG VERS

BESTU UMSLÖGIN



HJÁLMAR – HJÁLMAR

Lopapeysa Hjálmarna sló í gegn og umslagið þótti það næstbesta í ár.

„Nærmyndin af grænu lopapeysunni segir allt sem segja þarf um hlýlega og vingjarnlega ímynd ástsællar hljóm-sveitar.“

„Þetta er umslag sem heilinn stimplar strax inn og geym-ir. Sannar regluna „Less is more“.“

„Íslensk/sænsk viðhafnarlopapeysa – hefði gjarnan viljað fá þrjónaða lúxusútgáfu.“

„Lopapeysubútur. Hvað gæti verið meira viðeigandi þegar Hjálmar eiga í hlut? Kannski skegg, nei bara djók. Hnit-miðað, fyndið og flott.“



BENNI HEMM HEMM – BENNI HEMM HEMM

Benni Hemm Hemm þykir hress náungi með gott popp og umslagið þykir undirstrika það vel.

„Hressandi teikning og ís, mmm ís...“

„Handmáluð mynd á tré af kúluis. Mjög fallegt og krútt-kynslóðarlegt. Artí en ekki smartí.“

„Skemmtilegt og leikandi, hæfir tónlistinni vel.“

„Þessi plata er þriggja kúlu ís – ekki spurning!“



DÁNÍEL ÁGÚST – SWALLOWED A STAR

Ný danska gus gus kempan snéri aftur með listrænan metnað að leiðarljósi.

„Falleg mynd af óræðum náunga. Er þetta Dáníel? Hver veit.“

„Þetta er ekki kóver, þetta er bók. Ævintýrlega fag-urt og hefði í rauninni getað staðið sem sjálfstætt verk. Dáníel tók sér góðan tíma í að fullklára þessa mögnuðu heild og útkoman er eftir því.“

„Eftirminnilegt og stílhreint. Haunting.“



TRABANT – EMOTIONAL

Hinir nöktu og sveittu líkamar Trabants-strákanna höfðuðu sterkt til álitsgjafanna. Trabant á því plötumslag ársins.

„Flottasta umslag ársins. Eins og konfektkassi og maður fær vatn í munninn.“

„Ógó flott hönnun í alla staði. Platan sprettur upp á móti manni eins og trúðurinn í boxinu þegar maður opnar kóverið og öll vinnsla og kúlheit til fyrirmyndar. Svo má setja oliuborinn Vidda á hvaða kóver sem er og mér mundi finnst það flott. Grrrr...“

„Sker sig úr öllu diskaflóðinu. Ef þú horfir á diskarekka í búð er Emotional það eina sem þú sérð og þá myndi ég segja að markmiðinu væri náð.“

„Hómóerótikin lekur af þessu – eftirminnilegasta umslag ársins.“

„Það má hafa þetta umslag með sér upp í rúm – tja, eða inn á klósett.“



SIGUR RÓS – TAKK

Umslag fjórðu stúdíóplötu Sigur Rósar þykir vel heppnað og mjög Sigur rósar-legt.

„Bókformað umslagið er hrein hönnunarsníll og mynd-skreytingin minnir á einhverja dularfulla og gulnaða síðu úr ævaforri barnabók af háaloftinu. Reyndar er svolítið óheppilegt hvað stíll og útlit minnir mikið á Fisherman's Woman með Emillíönu Torríni.“

„Enn eitt innslagið af hugljúfum umslögum frá Sigur Ró-sar piltunum.“

„Rosalega vandað og flott eins og önnur umslög sem hafa komið frá Sigur Rós.“



Níu umslög til viðbótar þóttu vel heppnuð og komust á blað: Ég – Plata ársins („Einfalt, sterkt og skemmtilegt“ og „Geislandi gleði alla leið – líka á umslaginu“); Emillíana Torríni – Fisherman's Wife („Ljúft og fallegt eins og platan sjálf“ og „Stílhreint, einfalt og gæðalegt“); Hermigervill – Sleepwork („Hvað er í gangi á þessari mynd? Er Hermigervill að sópa upp blómapottinum og fólkið að labba á veggnum? Skemmtileg sjónvilla“ og „Óræð og jafnvægislaus fótósjöppsníll þar sem flytjandinn beinlínis hreinsar sviðið á táknrænan hátt áður en hann ber á borð magnaðar afurðir úr sínum takamarkalausla tónheimi“); JFM – Piano („Einfalt og huggulegt umslag“); Bubbi: Í sex skrefa fjarlægð frá Paradís (“Glæsilegt umslag með magnþrunginni birtu og krjúpanði líkneskið á grafreitnum ber með sér sígilda skírskotun til tregafullra yrkisefna“); Pétur Kristjánsson – Gamlar myndir („Fagurt og væðarlegt útlit sem dregur dóm af tíðaranda áttunda áratugarins og þá ekki síst þessum blýantsteikningum sem gjarnan sáust utan á norrænum skáldsögum. Svipaðan stíll og vel heppnaðan má reyndar einnig finna framan á nýjustu plötu Ragnheiðar Gröndal“); Mugison – A Little Trip to Heaven („Væri alveg til í að hafa þetta upp á vegg. Falleg mynd!“); Worm is Green – Push Play (“Vill vera töff – Er töff“); Ragnheiður Gröndal – After the Rain („Látlaust, persónulegt og hlýtt“).

PIÖTUMMSLÖGIN 2005

VERSTU UMSLÖGIN



BUFF – SELFLOSS

Umslag stuðbuffana í Buff þótti álitsgjöfunum ekki upp á marga fiska. Það lenti í öðru sæti yfir vond umslög ársins. „Óspennandi og hallærislegt. Afhverju fá mennirnir ekki einhvern til að gera umslögin fyrir sig?“ „Vá þetta umslag er jafn ljótt og þessi hljómveit er LEIÐ-INLEG og það er sko mikið.“ „Á greinilega að vera vont og er alveg örugglega versta umslag ársins.“ „Að nefna allt sem er að þessu umslagi er eins og að sparka í liggjandi mann svo ég sleppi því!“

2



PÁLL TORFI – JAZZSKOTIN

Umslagið þykir ekki beint vekja áhuga á jazzskotnum lögum eftir Pál Torfa Öndarson. „Það er bara til eitt orð yfir svona hönnun og það er: LJÓTT. LJÓT brúntóna súpa með mjög LJÓTUM teiknuðum prófil og LJÓTRI stafagerð. LJÓTT.“ „Fáranlega vond hönnun – umslag sem beinlínis fælar frá.“ „Viðbjóður, lætur mér liða illa.“

4



SVALA – BIRDS OF FREEDOM

Umslagið á annarri sólóplötu Svölu þykir með eindæmum misheppnað. Það hreppir þriðja sætið. „Árið 2001 kom Svala með eitt ljótasta plötuumslag sem sést hefur. Nú fjórum árum síðar toppar hún sjálfa sig!“ „Einn elsti og ofnotaðasti photoshop fidusinn í forgrunni.“ „Hræðilega sjoppulegt. Ljótt letur, myndaval furðulegt og hönnun bara ekki í þessu sólkerfi.“

3



GUÐRÚN GUNNARS OG FRÍÐRIK ÓMAR – ÉG SKEMMTI MÉR

Gamlir söngduettar Ellý og Vilhjálmis í nýjum búningi, en umslagði þótti fara yfir strikið. „Hei kommon! Slappa aðeins af í hressleikanum. Misheppnuð tilraun til retrós ofan á tilgerðarlega gleði. Vekur ógleði.“ „Vá – þetta umslag er vont. Þau geta ekki verið svona hress.“ „Sama og sagt var um Hemma Gunn: Allt í lagi að vera hress en ekki gott að vera of hress...“

5




Eitt plötuumslagði þótti álitsgjöfunum svo bæði gott og vont: Björgvin Halldórs: Ár og öld, Söngbók Björgvins Halldórssonar 1970-2005. „Mjög vönduð og flott útgáfa og hér er á ferðinni töff hönnun sem hæfir tilefinu. Bo eldist fallega,“ var álit hins jákvæða en neikvæði álitsgjafinn sagði: „Einhver ástsælasti dægurlagasöngvari þjóðarinnar gefur út metnaðarfulla safnplötu sem lítur út eins og hræbilligur kexpakki úr Bónus. Hrein skelfing í svipuðum anda og útlitið á sambærilegri safnplötu með HLH flokknum.“

ÁLITSGJAFAR



ARI TÓMASSON (RÚMINN.IS)

FREYR EYÐOLFSSON (RÁS 2)



BJÖRGVIN INGI ÓLAFSSON (RÚMINN.IS)

KATRÍN ATLADÓTTIR (KATRIN.IS)

HELGA ÓSKARSDÓTTIR (MYNDLISTAMABUR)

DR. GUNNI



1

HEIÐA: HLUTI AF MÉR

Idol-stjarnan frá Hólmavík hlýtur þann vafasama heiður að vera með ljótasta plötuumslag vertíðarinnar. „Þó svo að Heiða sé ein frambærilegasta söngkona sem komið hefur fram í Idolkeppninni hryllir manni við tilhugsuninni um aðra líkamshluta af þessu tvihöfða afstyrmi sem beinlínis hvæsir framan í hrekklausar húsmæður í jólagjafainnkaupum.“ „Tvö andlit Heiðu. Lenti hönnuðurinn í svo rosalegu valkvíðakasti að hann varð að klessa þeim saman? Hvort fyrir sig hefði alveg verið í lagi og fallið inn í þessa portrettahefð sem hvort eð er tröllríður plötumarkaðnum. Mér finnst þetta krípí.“ „Furðulega ljótt. Minnir á Tenderfoot umslagði frá því í fyrra og ekki var það neitt til að hrópa húrra fyrir.“ „Þetta umslag vekur hjá manni sömu tilfinningar og þegar maður skoðar myndir af fórnarlömbunum í Hírósíma. Ekki gott fyrir popplötu!“

ÖNNUR VOND UMSLÖG

Heil tólf umslög í viðbót fá þann vafasama heiður að komast á blað sem versta umslag ársins: Leaves – The Angela Test („Léleg tilraun til artílsma“ og „Kannski ágætt umslag ef þetta væri heil-unarplata“); Tómas R. Einarsson – Let jazz be bestowed on the huts („Meiri alúð í djassinum en stafagerðinni á umslaginu“ og „Hrikalegt umslag með mjög skrítnum pælingum“); Nylon – Góðir hlutir („Tilgerðarleg uppstillingin veitir ósviknu ælubragði upp í háls. Hér er engu líkara en maður sé mættur í forstofuna á virðulegu vændishúsi þar sem stúlkubörn falbjóða sig hæstbjóð-anda. Munnið, að þetta eru helstu fyrirmyndir óharnaðra unglinga í dag“); Hairdoctor – Shampoo („Ein bjartasta og svalasta von ársins 2005, skellir fram, eins og í algjöru hugsunarleysi, hreint ægilegri og plebbalegri digitaljósmynd. Hugmyndin átti kannski upphaflega að virka kúl, en útkoman er bara fráhrindandi. Hár-læknirinn hefur sannað að hann er uppfullur af skrautlegu og nostalgísku 70's grúví, sem óneitanlega býður upp á mun kræsilegra útlit á frumburðinum“); Sálín hans Jóns mín – Undir þín-um áhrifum („Æi, þetta er bara eitthvað of mikið – plebbapósúr alla leið“); Bjarni Ara – Svín („Ég fæ illt í magann af útsetning-unum – og umslagði minnir mig á það (og svo nafnið – úff“); Helgi Björnsson – Yfir Esjuna („Hvað er hann að horfa á eigin-lega?“); NBC – Drama („Ljótasta umslag í sögu umslaga síðan Hemmi Gunn gaf út Frískur og fjögur“); Davíð Smári – You do something to me („Þessi sölgleraugu? Ekki töff nema þú sért frá Selfossi... bíddu ann eeeer frá Selfossi og þau eru samt ekki töff“); Pan – Virgins („Nýjum hæðum náð í ljótleika. Gat enginn góður vinur stoppað þá af? Þeir eiga eftir að skammast sín niður í rassgat fyrir þetta í framtíðinni“); Sign – Thank God for Silence („Illa teiknuð mynd af blómkáli. Ég er bara orðlaus. Ljótt lógó líka“); Á móti sól – Hin 12 topplögin („Eins og bæklingur frá tryggingarfyrtæki, mjög óspennandi.“).





DVD DÓMUR

FANTASTIC 4

Ég sá kvikmyndina Fantastic 4 í bíó á sínum tíma og fannst hún eiginlega ekkert spes. Væntingar voru því ekki miklar, eða nánast engar, þegar ég setti þennan DVD-disk í tækið. Ég veit ekki hvort ég var bara í svona góðu skapi en mér fannst hún miklu betri þegar ég horfði á hana aftur. Þessi diskur er stútfullur af aukaefni sem er í heild þrjár klukkustundir að lengd. „Commentary“ er mjög leiðinlegt og ég gafst upp þegar myndin var hálfnuð. Ég entist ekki heldur að horfa á svokallað „Inside look“. Hinsvegar var gerð myndarinnar áhugaverð enda alltaf gaman að sjá hvernig svona tækniundur verða til. Senurnar sem voru þurrkaðar út áttu rétt á því að vera þurrkaðar út. Þetta er ekkert tímamótaverk en engu að síður alveg ágætis afþreyingarpakki þegar á heildina er litið.

★★★★☆



DVD DÓMUR

FYNDIN MISTÖK

Fyrsta þáttaröðin af Svínasúpunni er komin út á DVD. Ég sá ekki nærri því alla þættina þegar þeir voru sýndir á Stöð 2 og því var það fint að geta legið yfir þessu um jólin. Þessir sketsar eru margir hverjir ansi þunnir verð ég að segja, „punch“ línurnar oft ekki til staðar eða þá bara grútlegar. Á móti kemur að margir sketsarnir eru mjög myndnir, eins og til dæmis þegar Pétur leitar að prumpulykt og Sveppi sem videoleigugeigandinn sem gerir myndirnar sjálfur. Þessir þættir eru vel leiknir og kemur mér sérstaklega á óvart hve lunkinn leikari Auðunn Blöndal er. Aukaefnið á disknum er að mörgu leyti betra en þættirnir. Þá er ég sérstaklega að tala um mistök við upptökur þáttanna. Ófyrndustu atriði verða bara nokkuð fyndin þegar maður sér menn springa úr hlátri við tölur.

★★★★☆

BESTU OG VERSTU BÍÓMYNDIR ÁRSINS

ÓMAR ÖRN GERIR UPP KVIKMYNDAÁRIÐ

↑ TOPP 10 2005

Það skal tekið fram að þegar þetta er skrifað er undirritaður ekki búinn að sjá King Kong, Narnia eða Little Trip to Heaven þannig að hann hefur ekki hugmynd um hvort einhver af þessum myndum ætti heima á þessum lista.

1. OLD BOY

Varla hafði ég sleppt orðinu í síðasta árslista um hvað mér þætti það lélegt að þurfa að horfa á þetta meistarastykki í sjónvarpinu þegar Laugarásblót tekur sig til og skellir henni í kvikmyndahús snemma í janúar. Stórkostleg mynd frá fremsta leikstjóra Kóreu í dag, Chan Wook Park. Þetta var annar hluti í hefndarþríleik hans en þriðji hlutinn kom einmitt út í ágúst síðastliðinn.

2. THE DESCENT

Besta hrollvekja ársins. Alveg ótrúlega óþægileg kvikmynd og sú eina sem hefur látið mig fá innlokunarkennd í risastórum kvikmyndasal. Fáránlega skerí mynd.

3. UNO

Norðmenn framleiða sína útgáfu af Pusher. Ungur smáglæpamaður fær gengið sitt upp á móti sér þegar hann kjaftar frá eftir handtöku til að vera við dánarboð föður síns. Aksel Hennie er maður sem vert er að fylgjast með.

4. BATMAN BEGINS

Albesta ofurhetjumynd sem gerð hefur verið sama hvað menn mala í nostalgiukasti yfir Christopher Reeves og Superman. Þessi er betri. Christopher Nolan sýnir að menn þurfa ekki bakgrunn í hasarmyndum til þess að fara vel með viðfangsefnið, en það sýndi Brian Singer svo sem líka með X-men.

5. FINDING NEVERLAND

Afskaplega hjartnæm og falleg mynd sem stendur og fellur með leikurunum. Sem betur fer eru þeir meira og minna allir stórkostlegir. Hinn ungi Freddie Highmore fer á kostum.

6. SIDEWAYS

Þetta er myndin sem vakti áhuga allra á vínun. Paul Giamatti er alveg frábær gaman- og dramatískur leikari og Thomas Haden Church kom öllum á óvart enda leikari sem nánast enginn þekkti. Fyrir vikið leikur hann eitt illmennið í þriðja hluta Spiderman-seríunnar.

7. NAPOLEON DYNAMITE

Hópur af óþekktum leikurum og algerlega óþekktur leikstjóri gerðu þessa yndislegu mynd fyrir 25 milljónir króna. Maður spyr sig, af hverju er þetta ekki hægt hér? Varð költmynd á svipstundu og menn vitna í hana óspart á hverjum degi.

8. KUNG FU HUSTLE

Stephen Chow sýndi enn og aftur hversu snargeðveikur hann er með þessari lifandi teiknimynd. Fáránleg bardagaatriði og flottar brellur gera þetta að einni skemmtilegustu og furðulegustu mynd ársins.

9. KISS KISS BANG BANG

Shane Black kom úr sjálfskipaðri útleð með þessa frábæru mynd um glæpamann sem villist inn í Hollywood-senuna og þarf að leysa sakamálið sem er eins og tekin beint upp úr spæjarareyfara. Robert Downey Jr. og Val Kilmer hafa sjaldan verið eins góðir og handritið er tær snilld.

10. DANNY THE DOG

Loksins tókst Luc Besson að gera almennilega slagsmálamynd með Jet Li. Leikstjórinn tókst líka vel til en mann grunar að þetta hafi bara verið heppni því að hann fór beint úr þessari og gerði framhaldið af sinni fyrstu mynd, The Transporter, sem var algjör viðbjóður.

↓ TOPP 10 DRASL

1. ARE WE THERE YET?

Þetta var ekki árið hans Ice Cube. Þessa misheppnaða tilraun til þess að mýkja ímynd sína var svo ótrúlega þirrandi að mig langaði til þess að lemja börn eftir á. Bara einhver börn.

2. DECK DOGZ

Manni getur ekki annað en dottið óréttlæti í hug þegar unnendum hjólabretta er boðið upp á svona drasl á meðan alvöru hjólabrettamynd eins og Lords of Dogtown læðist á vídeó og enginn tekur eftir því. Athugið að zetan í titlinum á að láta myndina líta út fyrir að vera töff. Því miður tekst það ekki.

3. DIARY OF A MAD BLACK WOMAN

Milljónamæringurinn og leikritahöfundurinn Tyler Perry reynir að troða ofan í okkur kristilegum boðskap um fyrirgefninguna í einni verstu grínmynd sem gerð hefur verið. Þetta rusl á heima á Omega, ekki í kvikmyndahúsum landsmanna.

4. ELVIS HAS LEFT THE BUILDING

Æ, æ, æ! Þetta var svo vond mynd og svo ótrúlega illa gerð. Kona sem finnst hún þekkja Elvis á sérstakan hátt missir vitið þegar Elvis-eftirhermur hrynja niður og drepast þegar hún er nálægt. Ekki eins fyndið og maður hefði haldið. Greyið Kim Basinger.

5. WHO IS YOUR DADDY?

Á hátindi sumarsins var þessu þriggja ára gömlu, beint-á-vid-eó-viðrini kastað fyrir úlfana þegar flestir voru að horfa á Star Wars eða War of the Worlds. Ungur drengur erfir fjölskyldufyrirtækið og það vill svo ótrúlega til að fyrirtækið framleiðir klám. Ha ha ha! (Kaldhæðni).

6. MISS CONGENIALITY 2

Úff. Eftir þessa mynd var það mun erfiðara að fá vini sína til að skutla sér í bíó í skiptum fyrir ókeypismiða. Þetta er afturhvarf til buddy-löggumyndanna frá níunda áratugnum. Svo vantar hér allt það fyndna og spennandi. Sandra Bullock á ekki heima í grínmyndum.

7. THE PACIFIER

Vin Diesel reyndi sama bragð og Ice Cube og lék í ógeðslega vondri fjölskyldumynd sem Arnold Schwarzenegger hafði gert fimmtán árum áður og hét Kindergarden Cop. Og eins og í Ice Cube-myndinni minnkaði löngun mín til að eignast börn um 90 prósent. Eru börn í Ameríku virkilega svona mikil fifi?

8. DOOM

Ég er mikill aðdáandi Dwayne (The Rock) Johnson en þarna skeit hann alveg upp á bak. Skelfilega óspennandi hasar hrollvekja sem er byggð á einum besta skotleik sem gerður hefur verið. Ég hélt að það væri ekki hægt en tölvuleikurinn bauð upp á meiri dýpt en þetta drasl.

9. RING 2

Hideo Nakata fór til Ameríku til þess að gera framhald af endurgerð myndar sinnar, The Ring. Sem betur fer endurgerði hann ekki sitt eigið framhald heldur tók hann stóran hluta úr mynd sinni Dark Water, sem var svo endurgerð seinna af Walter Salles, og setti saman nýja sögu. Útkoman var ferlega óspennandi og leiðinleg. Vona bara að hann fari að gera eitt hvað betra eftir þetta.

10. ELEKTRA

Ekki eins vond og Catwoman hérna um árið en alveg ferlega léleg mynd sem vissi aldrei hvað hún vildi vera. Ekki einu sinni Ben Affleck lét sjá sig í henni þrátt fyrir að myndin hans Daredevil tengdist henni beint. Var nýlega gefin út í sérstakri leikstjóraútgáfu en ég veit ekki hvort að það bjargar nokkru.

→ TOPP 5 KOM Á ÓVART

1. ASSAULT ON PRECINCT 13

Eins og með endurgerðina á Texas Chainsaw Massacre á síðasta ári kom þessi mynd mér þægilega á óvart með góðu handriti og flækjum sem hrístu aðeins upp í mann.

2. HOSTAGE

Fjórða Die Hard-myndin hans Bruce Willis var bara svona helvíti fin og eins og með Assault hérna fyrir ofan var hún leikstýrð af Frakka en franskir leikstjórar flykkjast víst yfir til Hollywood að leikstýra. Ekkert nýtt en bara svona helvíti vel gert.

3. THE ISLAND

Skemmtileg tilviljun að þegar Michael Bay sendir frá sér sína bestu mynd er hún líka hans fyrsta flopp í heima-landinu. Bay var greinilega búinn að sannfæra sjálfan sig um að hann væri ekkert annað en poppkornsmyndaleikstjóri og var sáttur við það. Skemmtileg mynd sem fær lánað frá öðrum og betri myndum til þess að endar nái saman.

4. MR. AND MS. SMITH

Þrátt fyrir að það sem gerðist bakvið myndavélina við gerð þessarar myndar vakti mun meiri athygli en myndin sjálf þá tókst Doug Liman að gera bara helvíti hressa mynd um sama og ekki neitt. Hann kann að sprengja drasl í sundur mjög vel og svo skemmir ekki að Pitt og Jolie eru skemmtilegir leikarar í þokkabót, aðallega Pitt þó.

5. THE ICE HARVEST

Maður var löngu búinn að missa allan spenning yfir nýjum myndum frá Harold Ramis enda var Analyze That ekki upp á marga fiska. Hérna reynir hann við noir glæpamynd og tekst bara svona helvíti vel upp. Mætti gera meira af þessu.



TÖLVULEIKIR

LOÐINN OG PIRRAÐUR Í HD

Maður þurfti ekkert að vera doktor í skammtafræði til þess að átta sig á því að það kæmi út King Kong leikur á svipuðum tíma og mynd Peters Jackson kæmi út, þannig að ég var búinn að redda öllu því sem þurfti til að spila þennan leik í almennilegum gæðum. Ég prufaði hann á nýju Xbox 360 vélinni og tengdi hana síðan við Philips 37" true HIGH DEFINITION skjá bara svona til að hafa allt það besta á kantinum. Ég fullyrði að þetta er flottasti tölvuleikur sem ég hef

séð á leikjatölvu, að spila svona leik á almennilegum skjá er allsvakalegt. Munurinn á að spila leik í HD og venjulega er svipað og að spila hann í lit og svarthvítan. Þú spilar mestan part leiksins sem handritshöfundurinn Jack Driscoll og fylgir leikurinn svona í meginráttum myndinni sjálfri, þú færð svo að spila sem hinn illa pirraði Kong seinni partinn af leiknum. Landslagið á eyjunni sjálfri þar sem leikurinn gerist er með því flottara sem maður hefur séð og ég stóð

sjálfan mig að því að rölta bara um í einhverju rugli að skoða mig um í staðinn fyrir að reyna að klára leikinn.

Gott: Grafikin er í ruglinu, sérstaklega í Xbox 360 á HD skjá. Auðveldar stýringar og skemmtilegt gameplay. Slæmt: Eiginlega ekkert, bara það að maður spilar svo lítið sem King Kong, annars frábær leikur.

Jóhann Ólafur



KING KONG FYRIR XBOX 360

★★★★☆



frá 1.695.000 kr.

ASTRA



Þú færð nýjan Opel Astra frá aðeins **1.695.000 kr.** eða **19.772 kr.** á mánuði.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2, Sími 525 8000, www.ih.is

Opið: Mán - fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

Tær snilld!

Smoothie skyrdrykkurinn
hlaut **gullverðlaun** og að auki sérstök
heiðursverðlaun
á mjólkurvörusýningu í Herning í Danmörku.

Ekki nóg með það, heldur einnig tilnefndur til
Skandinavísku mjólkurverðlaunanna.

20g prótein ▷

Viðbætt mysuprótein ▷

Náttúrulegar trefjar ▷

Náttúruleg hráefni ▷



◁ Engin fita

◁ Fáar hitaeiningar

◁ Engin sætuefni

◁ Engin aukaefni

Einn Smoothie skyrdrykkur inniheldur
jafnmikið magn af hágæðapróteini og er
í lítilli skyrdós.


KEA-skyr Smoothie byggir í grunninn á hreinu KEA-skyri sem eitt og sér er ríkt af hágæða próteinum. Til að styrkja enn hollustu drykksins er bætt í hann, við vinnslu, hreinum mysu-próteinum (Whey Protein) sem unnin eru úr mjólk. Til að tryggja enn frekar hollustu drykksins inniheldur hann 1% vatnsleysanlegar trefjar (inulin). KEA-skyr Smoothie inniheldur mjög litla fitu, aðeins 0,2%, en sú fita sem í drykknum finnst er mikilvæg vegna fjölbreytileika lífsnauðsynlegra fitusýra. KEA-skyr Smoothie inniheldur fáar hitaeiningar þrátt fyrir að sneytt er hjá notkun allra sætuefna, en það er gert til að tryggja að öll hráefni séu náttúruleg. Drykkurinn inniheldur þannig einungis frá 81 til 85 hitaeiningar (kcal pr 100 g) þrátt fyrir hátt næringargildi.



NORÐURMJÓLK
AKUREYRI

Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAM SIRKUSS RVK FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINN TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS



ÁRAMÓTADJAMMIÐ

ÞAÐ ER KOMIÐ AÐ ÞVÍ AÐ VELJA HVAÐ Á AÐ GERA Á GAMLÁRSKVÖLD. ÞÚ ERT Á RÉTTUM STAÐ. Á NÆSTU SÍÐUM FÆRÐU AÐ VITA ALLT UM SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK UM ÁRAMÓTIN OG ÆTTI VONANDI EKKERT AÐ FARA FRAMHJÁ ÞÉR. SIGLDU HRESS OG DANSANDI INN Í NÝTT ÁR.

Sádama Reykjavík

SKEMMTISTAÐIR FÖSTUDAGUR 30. DESEMBER



PRIKIÐ

Dj Teddy heldur uppi dansgeðveikinni á Prikinu með R&B og Hip Hoppi eins og honum er einum lagið. Það verða ófáir rassar hristir á Prikinu höldum við. Eiginlega geturðu bara bókað það.

DILLON BAR

Þær stöllurnar Steinunn og Silja spila sanna rokktonlist fyrir sanna rokkunendur. Dillon er skemmtistaður fyrir sanna rokkara.



VEGAMÓT

Dj Jói mun sjá um stemninguna á Vegamótunum. Já það er ungt og það leikur sér. Það fer ekki á milli mála.

CAFÉ ÓLIVER

Óliver verður alveg troðfullur af flottu fólki eins og vanalega. Plötusnúður kvöldsins er hann DJ Daði sem mun galdra fram alveg hreint rosa stemningu.

HRESSÓ

Hljómsveitin MÁT verður hress á Hressó frá kl. 22 til 01 og eftir það mun Dj Maggi taka við á dansgólfinu.

SÓLON

Dj Jón Gestur mun sjá um dansgólfið á efri hæð Sólon fyrir djammþyrsta Íslendinga. Hann er víst einn af heitustu plötusnúðunum í bransanum í dag. Það er orðið á götunni.

GAUKUR Á STÖNG

Gaukurinn verða með svaka tónleika þar sem hljóm-sveitir eins og Shadow Parade, Telepathesis, Ég, Pétur Ben og Karl Henry munu troða upp. Það kostar eitthvað inn á tónleikana en það verður í léttari kantinum.

PRAVDA

Plötusnúðurinn Áki Pain sér um partýstemninguna frá miðnætti á efri hæð Pravda. Áki er þaulvanur plötusnúður þannig að ef einhver kann að krydda upp partýin þá er það hann.

NASA

Það verður klúbbakvöld á Nasa í boði Flex Music og Corona. Fram koma Dr. Mr. & Mr. Handsome, Funk Harmony Park, Danni, Mr. Goodman og Grétar G. (The Don). Aldurstakmark á viðburðinn er 20 ár og húsið opnar klukkan 23. Miðaverð er þúsundkall sem er náttúrlega bara ekki neitt.



HVERFISBARINN

Gamla kempnan hann Kiddi Bigfoot mun sjá til þess að allt gangi vel á Hvebbanum. Stelpurnar eiga eftir að verða óðar á dansgólfinu. Það er öruggt.

THORVALDSEN BAR

Húsplötusnúður Thorvaldsens, hann Hlynur Mastermix, mun rokka upp stemninguna á Thorvaldsenbarnum.

LAUGARDAGUR 31. DESEMBER

VEGAMÓT

Það verður partí á Vegamótum. Gullfoss & Geysir sjá um fjörið og ætla þeir að vera með leynigest í allri áramótagæðveikinni. Það er gratis inn á Vegamótum á gamlárs. Þetta verður hressst.



BROADWAY

Það verður áramótageðveiki á Broadway. Skímó, Í svörtum fötum og Dj Brynjar Már sjá um stuðið. Einnig sjá plötusnúðarnir Addi Exos og Steinar A. um technotónlistina og Óli Ofur og Jónfrí úr Party Zone með house-ið. Þetta lítur út fyrir að vera massapartý.



NASA

Hljómsveit allra landsmanna, Sálín hans Jóns míns, verður með rosa áramótagleði á Nasa. Áki Pain mun sjá um að hita mannskapinn upp. Húsið opnar klukkan eitt og er miðaverð 2.900 kall. Forsala er hafin og rjúka miðarnir út eins og heitar lummur.

SIRKUS

Það er einnig annar en hann Gísli Galdur sem mun sjá um áramótagleðina á Sirkus. Hann kann þetta strákurinn. Enda er hann úrvals plötusnúður.

KAFFIBARINN

Aldrei þessu vant verður Kaffibarinn opinn á gamlárskvöld en hingað til hefur hann alltaf verið lokaður þetta kvöld. Plötusnúður kvöldsins verður Árni Einar og ef við þekkjum hann Árna Einar rétt þá verður alveg massa stuð. Það er líka frítt inn þannig að það verður hress stemning á Kaffibarnum.

SJALLINN, AKUREYRI

Páll Óskar mun massa eitt allsherjar áramótaball á Akureyri. Ætli hann taki gömlu slagarana sína?? Hhhmmm... Það verður vægt miðaverð á hann Palla okkar. Hversu mikið vitum við ekki en það verður eitthvað smotterí. Þú vilt ekki missa af Palla.



DILLON BAR

Rokkamann Andrea Jónsdóttir verður með sanna rokkstemningu á Dillon, kveður gamla árið með stæl og hringir það nýja inn eins og þessari elsku einni er lagið.

THORVALDSEN BAR

Áramótaplötusnúður Thorvaldsens Bar er Hlynur Mastermix og verður hann alveg bandbrjálaður í búrinu. Þetta verður rosalegt.



REX

Quentin Tarantino verður með lokað einkapartí á Rex. Það verður reyndar lokað fyrir almenningi en það má alltaf reyna. Aðaldagskrá kvöldsins liggur ekki fyrir en Rex verður stjórnum prýddur, það er alveg ljóst.

HVERFISBARINN

Það verður gala VIP-partí á vegum www.tveir.is. Húsið opnar klukkan hálfeitt og þeir byrja kvöldið með happdrætti að andvirði 150 þúsund kall sem mun standa yfir til klukkan fjögur. Kiddi Bigfoot sér síðan um að pumpa stemninguna á dansgólfinu.

GAUKUR Á STÖNG

Það verður breakbeat manú session á Gauknum á gamlárskvöld. Dj Frigor mun sjá um geðveikina og hringja inn nýja árið. Breakbeat tónlistin hljómar bæði á efri og neðri hæð langt fram á morgun. Sannur „breakbeatari“ lætur ekki þetta kvöld fram hjá sér fara.

PRIKIÐ

Það verður Pimps and ho's kvöld á Prikinu. Veislustjórarnir verða þau Anna Rakel og Dóri DNA og taka þau á móti gestum Priksins með flæðandi kampavíni. Plötusnúðarnir eru DJ Sahara & DJ Blue Lagoon, Benni B-Ruff og Danni Deluxe. Eins og vanalega verður frítt inn á Prikið. Tjekk it.

HRESSÓ

Plötusnúðurinn Johnny verður að gera allt krazí á gamlárskvöld á Hressingarskálanum. Hann hefur verið að gera góða hluti á Hressó hingað til og er ekkert að fara að hætta því.

CAFÉ ÓLIVER

Það verður plötusnúðaveisla á Café Óliver á gamlárskvöld. Hinir og þessir plötusnúðar munu matreiða alveg kynngimagnaða stemningu og sjá til þess að gestir Café Ólivers verða alveg óðir á gólfinu.

SUNNUDAGUR 1. JANÚAR

KAFFI REYKJAVÍK

Samtökin 78 verða með áramótaball á Kaffi Reykjavík. Húsið opnar klukkan eitt og sjá D.j. Skjöldur og Dj Twiggy um tónlistina. Miðaverð er 1.200 kall í forsölu fyrir félagsmenn og 1.500 kall fyrir aðra. Við dyrnar er 1.500 kr. fyrir félagsmenn og 1.800 kr. fyrir aðra. Í fyrra var víst húsfyllir og ætla samtökin að endurtaka leikinn í ár með stærra partíi. Ballið hefst klukkan eitt.



SÓLON

Dj Andrés og Tommi White sjá um áramótapartí Sólon núna í ár. Húsið opnar klukkan tólf og stendur geimið til klukkan þrjú um nóttina. Að sjálfsögðu er frítt inn. Hvað annað?

THORVALDSENS BAR

Eftir miðnætti mun hann Hlynur Mastermix sjá um stemninguna og gera allt bandbrjálað á dansgólfinu.

SÝNINGAR



YGGDRASIL

Myndlistarmaðurinn Tolli verður með sýningu til 25. janúar

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, HAFNARHÚS

Guðrún Vera Hjartardóttir verður með sýningu til 30. desember. Erró er þar líka með sína sýningu og mun hún standa til 23. apríl.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, ÁSMUNDARSAFN

Bernd Koberling er með sýningu til 22. janúar og einnig er þar yfirlitssýningin Maðurinn og efnið. Sú sýning stendur til áramóta.

LISTASAFN ÍSLANDS

Ný íslensk myndlist II – Um rými og frásögn. Þetta er sýning á verkum 13 íslenskra samtímalistamanna og stendur hún yfir til 12. febrúar 2006

HALLGRÍMSKIRKJA

Til febrúarloka verða Kristín Gunnlaugsdóttir og Margrét Jónsdóttir með sýningu þar.



HITT HÚSIÐ

Sýningin Skúlprút stendur yfir í Gallerí Tukt í Hinu Húsinu að Pósthússtræti 3 – 5. Nemendur af listnámsbraut í FB sýna verkin sín þar. Sýningarsalurinn er opinn alla virka daga frá klukkan 9 – 17 til 5. janúar '06.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Það er allt að ske þar á bæ. Huldukonur í íslenskri myndlist verða í Bogasal til 28. maí. Ljósmyndir Marco Paluzzo eru í myndasal og einnig ljósmyndir Péturs Thomsen til 20. febrúar.

CAFÉ BABALÚ

Claudia Mrugowski verður með sýninguna Even if tomorrow is not granted, I plant my tree. Café Babalú er á Skólavörðustíg 22a.

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA Á GAMLÁRSKVÖLD? GALAKVÖLD MEÐ VINUM

„Ég ætla svona einu sinni að vera með fjölskyldunni þessi áramót,“ segir Sóley Kristjánsdóttir, plötusnúður og nemi. „Borða góðan mat og bara eyða öllu kvöldinu heima. Á nýárskvöld fer ég á svona galakvöld. Þá hittumst við vinirnir í heimahúsi og eldum fimm rétta máltíð og förum yfir liðið ár, við fáum meira að segja skemmtikraft til okkar í partið, við höfum til dæmis fengið Ómar Ragnarsson einu sinni sem skemmti snilldarlega við mikinn fögnuð gesta.“



Sóley Kristjánsdóttir, plötusnúður og háskólanemi

Í PARTÍLEIT DAUÐANS

„Ég er því miður ekki komin með neitt fast plan,“ segir Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, leikkona og leikskáld, „en ég er í desperat partíleit, endilega hringið í mig ef einhver veit um eitt-hvað svakalegt stuð áramótapartí. Ég er nefnilega að fá vin minn Brandon frá Ameríkunni og ætla að sýna honum alvöru íslenskt áramótakvöld. Annars byrjar kvöldið með fjölskyldunni í huggulegheitum að borða dýrindis mat og horfa á Skaupið áður en haldið er út á vit ævintýrana.“

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, blaðamaður, leikkona og leikskáld

ÁRAMÓTAPARTÍ HEIMA

„Það verður heljarinnar partí heima, þetta er eiginlega orðin svona fjölskylduhefð,“ segir Þórdís Anna Oddsdóttir, verkfræðinemi. „Það koma alveg tuttugu manns í mat. Við erum með nauta- og lambakjöt á boðstólum. Eftir átið skellum við okkur á brennuna í Skerjafirði þar sem ég á heima. Svo er auðvitað horft á Skaupið og skálað klukkan tólf og skotið upp rakettum. Það verður mikið skotið þar sem pabbi er svolítið sprengjuóður. Eftir miðnætti fara vinirnir að pikkast inn. Mér finnst skemmtilegast að plana ekki of mikið og láta kvöldið bara ráðast en við munum líklegast endast lengi heima í partiinu. Þetta verður svakaleg helgi því að við stelpurnar förum líklegast á bæjarrollt íkvöld þar sem við munum kíkja á Óliver, sem er aðalstaðurinn í dag. Svo er líka nýársdjammen ég á eftir að ákveða hvort ég fer í afmæli til vinkonu minnar eða á grímuball.“



Þórdís Anna Oddsdóttir, verkfræðanemi

GALLERÍ HÚNOGHÚN

Soffía Sæmundsdóttir er með sýningu þar á bæ til 5 janúar.



SÓLON

Dóra Emils er með sýninguna Heyr Himna Smiður til 14 janúar.

SMEKKLEYSA PLÖTUBÚÐ – HUMAR EÐA FRÆÐ

Jólasýning Lóu og Hulla er ekta myndlistarsýning með sönnu jólaþema. Stelpurnar eru af krúttkynslóðinni og eru hressir myndasöguhöfundar sem krotu á vegg.

ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

Á veitingastofu Mat og Menningu í Þjóðmenningarhúsinu eru sýnd málverk eftir Hjört Hjartarson. Sýningin kallast Myndir frá liðnu sumri.

GUK+

Hartmut Stockter er með sýningu sem mun standa yfir til 16 janúar.

AURUM

Lóa Hjálmtýsdóttir sýnir figuratítla mynd sem er unnið með lakki.

101 GALLERY

Það verður jólasýning á 101 Galleríinu sem mun standa yfir til 6 janúar.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR KJARVALSSTAÐIR

Sýning verður á verkum Jóhannesar Sveinsson Kjarval þar sem 120 ár eru liðin frá fæðingu málarans. Sýningin lýkur 19 mars.

LEIKHÚS

FÖSTUDAGUR 30 DESEMBER



TYPPATAL MEÐ AUDDA

Auðunn Blöndal verður með sinn frábæra einleik á Nasa við Austurvöll. Leikritið er leikstýrt af Sigurði Sigurjónssyni og er að gera magnaða hluti.

Leitað er svara við ýmsum spurningum um höfuðdjásn karlmannsins í sögulegu, félagslegu, menningarlegu og heimspekilegu samhengi. Miðaverð á leikritið er 2.200 krónur.

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Hið geysivinsæla grínleikrit Fullkomið Brúðkaup er í Leikfélagi Akureyrar og er að gera allt bandbrjálað þar á bæ. Sýningin hefst klukkan 19 og eru örfá sæti laus síðast þegar Sirkus tjekkaði á því. Nú fer hver að verða síðastur.

JÓLAÆVINTÝRI HUGLEIKS

Gamanleikur með söng og dans fyrir alla fjölskylduna. Sýningin byrjar klukkan 20 og er þetta með allra síðustu sýningum. Leikritið er sýnt í Tjarnarbíói.



ELDHÚS AF MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum.

WOYZECK

Nick Cave sér um tónlistina í þessu leikriti sem er að gera góða hluti í Borgarleikhúsinu. Með aðalhlutverk fara Ingvar E. Sigurðsson, Björn Hlynur Haraldsson og Nína Dögg Filippusdóttir. Sýningin hefst kl. 20.00.

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Edda Björgvinsdóttir er gjörsamlega búin að slá í gegn með þetta leikrit sitt í Borgarleikhúsinu. Sýningin á leikritinu hefst á slaginu klukkan átta



TÚSKILDINGSÓPERAN

Hver er munurinn á að ræna banka og að taka yfir banka? Þessari spurningu er varpað í þessu leikriti sem er sýnt á Stóra Sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Frá Bertolt Brecht og Kurt Weill kemur þetta brilljant leikrit sem sló í gegn þegar það út kom út í Berlín. Leikritið fjallar um um skrautlegan lýð, broddborgara og bófa.

FIMMTUDAGUR 5 JANÚAR

ÉG ER MÍN EIGIN KONA.

Hilmar Snær er sín eigin kona í leikriti sem hefur slegið í gegn. Sýningin hefst klukkan klukkan átta í Iðnó sem eins og allir vita er við Tjörnina.

4 GÓÐAR MYNDIR Í BÍÓ YFIR ÁRAMÓTIN

A LITTLE TRIP TO HEAVEN

Baltasar Kormákur hefur tekist að búa til alveg eiturgóða mynd um tryggingsvik, ást og fleira fallegt. Balti er bara þéttur á því. Forest Whitaker svikur engan og Julia Stiles er helvíti góð leikkona. Þetta er íslensk/bandarísk samvinna sem hefur heppnast alveg drulluvel.



THE CHRONICLES OF NARNIA

Hver man ekki eftir að hafa lesið Ljónið, Nornin og Fataskápurinn eftir C.S. Lewis sem barn? Ef að þú gerðir það ekki þá varstu skrítið barn. En allavega, Disney samsteypa hafa búið til alveg einstaklega skemmtilega fjölskyldu-mynd um ævintýraheim sem á sér engan hliðstæðu. Einstaklega vel heppin og frábærlega vel gerð.



KING KONG

Peter Jackson, kvikmyndagerðarsnillingur með meiru hefur tekist að búa alveg hreint magnaða mynd um stærsta apa í heimi. Naomi Watts er mega sexý, Adrian Brody er sjóðheitur og Jack Black er þéttur í ævintýra-mynd sem fær mann til að gapa. Apinn er þéttur líka, hvað annað?



THE ICE HARVEST

Ef þú fílar svarta komedíu þá er þessi algjört möst. John Cusack leikur seinheppinn lögfræðing og Billy Bob Thornton er smákrímmi og saman lenda þeir í því líkum erfiðleikum við aðra aula og það á jölunum í þökkabót. Fyndin, temmilega klúr og snjöll gamanmynd með frábærum leikurum. Kíktu á þessa ef að þú ert ekki þegar búinn að því.



FRIENDS
MÁNUDAGA - FIMMTUDAGA KL. 20.00




FRIENDS ER Í BÓÐI GYM 80



BESTU VINIR ALLRA LANDSMANNA ERU MÆTTIR AFTUR Í SJÓNVARPIÐ!
FYLGSTU MEÐ ROSS, RACHEL, JOEY, PHOEBE, MONICU
OG CHANDLER Á SIRKUS.

FYLGSTU MEÐ!





„SAGÐI AÐ ÞÚ VÆRIR LATUR,
HÖRUNÐSSÁR OG SKÖLLÓTTUR.
ÞÚ ERT EKKERT ALLTAF LATUR,
ÉG VIÐURKENNI ÞAÐ. EN ÞÚ ERT
SAMT SKÖLLÓTTUR DRENG.“

ÉG BIÐST INNILEGA AFSÖKUNAR

EGILL GILLZENEGGER

Þetta er búið að vera helvíti magnað ár fyrir Gillzeneggerinn. Orðinn náttúrliga ekkert eðlilega fókking frægur og vefsíðan kallarnir.is búið að ná nýjum víddum í vinsældum. En núna er þessu ári að ljúka og nýtt ár að renna í garð. Þá fer ég alltaf yfir það hvað ég gerði gott á árinu og hvað má gera betur. Ég geri mér grein fyrir því að ég var kannski stundum full dónalegur við ýmsa þekktu menn í þjóðfélaginu. Ég hef því ákveðið að friða samvisskuna og biðja alla afsökunar sem fengu það hrátt frá Neggernum í ár.

HEMMI GUNN.
Sæll dreng. Ég sagði við þig að þátturinn þinn væri þurrkaðasti þáttur allra tíma í íslensku sjónvarpi og þetta væri eins og bein útsending frá helvíti. Þetta var kannski full dónalegt hjá mér, þó að þátturinn þinn totti þá er óþarfi að gefa þér það hrátt. Þú heldur með United og ert flottur. Jóláþátturinn var geðveikur, ég söng meira að segja með.

HÖRÐUR MAGNÚSSON (HÖDDI SKINKA)
Ég sagði að það væri ekki mark takandi á þér þegar þú ert að setja út á hegðun leikmanna á vellinum því að þú snýttir þér einu sinni í andlitíð á Reyni Leós.

Reynir Leós var einu sinni með leiðindi við Alla Skinku á Hverfisbarnum þannig að það var í góðu lagi að þú snýttir þér í andlitíð á honum. Þú ert flottur!

HAFSTEINN AUSTMANN.
Ég veit að þú hatar það þegar ég kalla þig Heiðar Austmann. Núna varstu skírður Hafsteinn en ekki Heiðar og hefur reynt að lagfæra þetta lengi. Fyrirgefðu dreng, ég mun alltaf í framtíðinni kalla þig Hafstein eða Haffa.

VILLI WRX.
Ég sagði í DV að þú værir feitur og vangefinn þegar þú mættir ekki á eina æfingu. Sorry dreng. Þú ert samt feitur.

EGGERT MAGNÚSSON
Ég kallaði þig Egghaus Magnússon í sumar því að þú vilt ekki leyfa mönnum að drekka öllara í stúkunnni. Ég sagði þér líka að láta þér vaxa pung. Þetta var mögulega aðeins of

dónalegt. Þú ert nú búinn að sjá að þér og ert að stækka völinn. Núna þarftu bara að leyfa bjór á vellinum og þá verður Laugardagsvöllurinn mögulega ekki eins og bókasafn á leikjum.

LEONCIE
Þú kallaðir mig fuckball í beinni útsendingu. Þó að ég hafi ekki vitað hvað fuckball þýddi þá kallaði ég þig vændiskonu og sagði þér að éta drullu. Ég hélt síðan áfram að áreita þig alveg þangað til þú fórst af landinu.

Ég vil meina að það hafi verið mér að þakka að þú fórst. Takk Takk.
DÓRI DNA
Blessaður dreng. Ég kallaði þig rapplunk í einum pistlinum. Hjóbbi Ká sagði mér að gera það, ég er saklaus.

DAVIÐ ÞÓR
Kallaði þig 60 kílóa kolrangstæðan has-been. En þú bjóst til leikrit með orðaforða kallanna.is þannig að þú ert flottur. Rakaðu þig samt Davíð, þú ert eins og illa máli farinn götustrákur með þennan hjúng.

SIGURJÓN KIARTANSSON (GRÚONI)
Ég sagði að þú værir með krullur og órakaðan pung. Síðan á gullkindinni sagði ég að Zombie hefði verið leiðinlegur útvarpsþáttur. Sorry dreng. Ég vildi bara hefna mín smá því þegar þú varst flokkstjórninn minn í unglingavinnunni varstu alltaf að draga af mér money og segja mér að halda kjaftri. Ég viðurkenni samt að ég kallaði þig stundum Grjóna og nauðgaði brandaranum „Hvar er fjarstýringin“ kannski aðeins of mikið.

DODDI LITLI (ÞÓRÐUR)
Sagði að þú værir latur, hörundssár og sköllóttur. Þú ert ekkert ALLTAF latur, ég viðurkenni það. En þú ert samt sköllóttur dreng.

EBUR SMÁRI (GUDDI)
Ég sagði nokkrum sinnum að þú værir feitur. En síðan reifstu þig úr að ofan fyrir mig um daginn og það fór ekki milli mála að kallinn er í formi. Þú ert líka með strípur, það þarf pung til þess að vera með strípur.

AUDDI BLÓ
Sagði að þú værir of loðinn og of léttur og það þyrfti að vaxa þig að meðaltali þrisvar í mánuði. Þú ert frá Sauðárkróki og það eru flottir gæjar sem koma þaðan, þannig sorry dreng. Addi Grant er líka með bringuhár þegar hann er ekki að keppa þannig að það er alveg töff.

SVEPPI
Ég sagði að þú værir kolrangstætt krútt með krullur. Þú átt það nú alveg til að vera dúlla, viðurkenndu það! En Doddi litli sagði mér að þú værir villidýr inni í svefnherberginu, þannig sorry dreng.

KR-ingar
Ég hef verið svoldið dónalegur við Kr-inga eftir að þeir létu Willum fara. Þeir vita það nú manna best að þeir skitu á sig þannig að það er óþarfi að sparka í liggjandi mann. Félagi minn sem vinnur hjá Rekstrarvörum segir að klósettpappír sneyslan hjá KR-ingum sé búið að vera óvenju mikil undanfarið.

PartyHanz
Ég kallaði þig nokkrum sinnum BónusHans og SteraHans þótt þú hafir bara notað kreatín og verslir aldrei í Bónus. Síðan sagði ég líka að þú værir mögulega rjómi. En ég viðurkenni að þú ert ekki rjómi dreng. Tussur elska þig.

KRISTJÁN ÓLI SIGURSSON (RÚNKHAUSINN)
Blessaður dreng. Ég hef nokkrum sinnum kallað þig rúnkarann í ár þó að þú hafir oft bannað mér það. En mér finnst bara að menn eigi að vera stoltir af því að

geta rífið í Jónssoninn tólf sinnum á dag. Ég held að það toppi það voðalega fáir.

GARÐAR ÖRN HINRIKSSON
Sæll dreng. Ég var búinn að biðja afsökunar á bloggsgíðunni þinni en ég þarf að gera það líka hérna. Ég sagði að þú fengir kynferðislega ánægju af því að spjalda menn og hefðir einu sinni fróað þér inni í klefa KR-inga. Þetta var kannski ekki alveg satt en það voru einhverjir HK-ingar sem lugu þessu að mér þannig að þetta er eiginlega þeim að kenna. Ég hef líka heyrt að þú sért með allsvakalegan Jónsson dreng.

BARNALANDS-KELLINGARNAR
Sælur. Ég hef nokkrum sinnum verið nokkuð harðorður við ykkur prinsessumar í ár. Eftir að hafa skoðað þessa síðu af og til geri ég mér grein fyrir því að þetta eru ekki nema nokkrar rjómartertudrottingar þarna sem þurfa að fá

Jónsson og eru pirraðar. Meirihlutinn af ykkur er bara heilbrigður. Þú ykkur afsökunar stelpur.

JÓN GNARR
Ég sagði þér að chilla á bíbliunni. Það er ljótt, ég viðurkenni það. Þú mátt vitna eins mikið í bíbliuna og þú vilt. Það kemur líka ný biblíja eftir áramót. Tjekkaðu á henni dreng.

ÞORSTEINN GUMBUNDSSON
Sagði þér að þú værir með órakaðan pung. Þú ert með órakaðan pung dreng! VIÐURKENNDU ÞAÐ!

LIVERPOOL-ADDÁENDUR
Ég hef verið nokkuð dónalegur við Liverpool-aðdáendur á árinu. Þó svo

að þú séuð ekki jafn myndarlegir og við United menn þá er nú algjör óþarfi að matreiða sushi ofan í ykkur. Ég biðst afsökunar.

ADALSTEINN EYJÓLFSSON ÞJÁLFARI STJÖRNUNNAR.
Ég sagði að þú værir sköllóttur í einum pistlinum. Bara biðst innilegrar afsökunar á því, þetta var illa sagt, ég viðurkenni það.

Ahhh! Það var gott að ná að koma þessu öllu frá sér. Nú get ég byrjað nýtt ár með hreina samvissku.

Vodafone live!



Hringtónar



Fréttir og Íþróttir



Leikir



Skemmtun

GÓÐA SKEMMTUN

Komdu í spennandi heim afþreyingar og upplýsinga



Vodafone live! SÍMI

19.900 kr.

NOKIA 6101



Vodafone live! SÍMI

24.900 kr.

MOTOROLA V3 RAZR



26.900 kr.

NOKIA 6230i

Vodafone live!

ótrúlegt verð

Smelltu þér á www.ogvodafone.is, farðu í næstu verslun **Og Vodafone** eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.

og

vodafone


Heyrumst!

NÝ ANDLIT Á SIRKUS 2006



ÁRIÐ 2006 BYRJAR AF KRAFTI Á SIRKUS. VIÐ KYNNUM 20 NÝJA ÞÆTTI, EN Á MEÐAL ÞEIRRA ERU VINSÆLUSTU ÞÆTTIR HEIMSINS Í DAG. INNLENDI DAGSKRÁRGERÐIN ER SVO Í HÖNDUM FERSKASTA HÆFILEIKAFÓLKSINS Á LANDINU.

FYLGSTU MEÐ!





GAMLÁRSKVÖLD Á CAFÉ ÓLIVER
EKKI MISSA AF ÞESSU!

OLIVER

BAR CAFÉ GRILL